

**SKOÐUN** Björg Björnsdóttir skrifar um femínisma og félagsvísindi, sem eru nátengd að hennar mati. 16



**LÍFIÐ** Ungir listamenn sameinast í Hrísey í Laumulistasamsteypunni sem fer fram í Salthúsinu. 38



**SPORT** Martin og Haukur Helgi tóku af skarið í fjarveru Jóns Arnórs í Höllinni. 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
12. ágúst 2014
187. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

## FRÉTTIR



### Hefur litla þýðingu

Viðskiptaþvinganir vesturveldanna vegna ástandsins í Úkraínu hafa verið á afar takmörkuðum sviðum. Þátttaka Íslendinga er fyrst og fremst táknræn segir formaður utanríkismálanefndar Alþingis. 2

**Ber að taka alvarlega** Embætti Sérstaks saksóknara er komið 120 milljónum fram úr fjárheimildum. 4

**Smithætta** Þjóðgarðsvörður telur vert að kanna hvort kafarar sótthreinsi búnað sinn áður en kafað er á Þingvöllum. 6

**Í hart** Forseti Íraks felur Haider al Ibadi að mynda ríkisstjórn en Núrí al Malíkí hótar að fara í hart. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | NA | 8 |
| Akureyri | 9° | N | 5 |
| Egilsstaðir | 9° | N | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 16° | NV | 3 |
| Reykjavík | 17° | N | 4 |

**Best SV-til** Fremur hæg N- eða NA-læg átt en að 13 m/s austast. Bjart SV- og V-til í dag en skýjað að mestu og dálítil súld A- og NA-til. Hiti 7-18 stig. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






**BUSLAÐ Í ELLIÐAÁM** Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands var heitasti dagurinn í Reykjavík það sem af er ári í gær. Hitinn komst í 21,8 stig á sjálfvirku veðurathugunarstöðinni við Korpu undir kvöld. Búist er við blíðskaparveðri næstu daga. Sjá síðu 10. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Innflutningur nautakjöts tífaldast á ári

Á fyrstu sex mánuðum þessa árs voru rúm 535 tonn af nautakjöti flutt inn til landsins samanborið við tæp 49 tonn árið áður. Mesta aukningin er á kjöti til hakkgerðar. Frumvarp um innflutning á erfðaefni til kjötframleiðslu er í vinnslu.

**LANDBÚNAÐUR** Innflutningur á nautakjöti var tífalt meiri á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 en á fyrstu sex mánuðum ársins 2013.

Sérstaklega er mikil aukning á frystu úrbeinuðu nautgripakjöti, sem er unnið úr kúm en ekki nautum, og notað til hakkgerðar af kjötvinnslum. Frá janúar til júní árið 2013 voru tæp 27 tonn af nautgripakjöti flutt inn en á fyrstu sex mánuðum þessa árs voru 363 tonn flutt inn, eða þrettánföld aukning.

Mest er flutt inn af nautgripakjöti frá Þýskalandi en einnig frá fjarlægari löndum, eins og Ástralíu. Einnig er nýtt af nálinni að nú er tilbúið frosið hakk flutt inn til landsins frá Írlandi.

Eftirspurn eftir nautakjöti hefur aukist gífurlega síðustu árin og er stærsta ástæðan talin mikil fjölgun ferðamanna. Íslenskir kúabændur eiga ekki möguleika á að mæta þessari auknu eftirspurn enda hefur framleiðsla þeirra nánast staðið í stað síðustu þrettán árin.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir að samdráttur hafi orðið á innlendri framleiðslu, sérstaklega á hakkefni, vegna aukinnar eftirspurnar eftir mjólkurafurðum. Það þýði að bændur láti síður slátra kúnum.

Baldur segir bændur áhugasama um að auka framleiðsluna og nóg landrými vera til staðar en málið strandi á því að fá leyfi fyrir innflutningi á erfðaefni svo hægt sé að stækka holdanautastofninn, sem notaður er til kjötframleiðslu.

„Við höfum að sjálfsögðu áhyggjur af því að geta ekki sinnt innlendum markaði. En til þess að auka framleiðsluna þurfum við nýtt blóð í stofninn og við höfum í mörg ár leitað samstarfs við stjórnvöld til að heimila innflutninginn,“ segir Baldur. „Það er leitt að þetta taki svo langan tíma þegar það blasir við að það þurfi að auka framleiðsluna.“

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, segir að frumvarp sé nú í undirbúningi í ráðuneytinu eftir tveggja ára vinnu við áhættumat á innflutningi á erfðaefni.

„Menn vilja vanda sig og taka lágmarksáhættu vegna sjúkdóma sem gætu borist inn í landið. En við erum komin með áhættumat og greiningu frá Matvælastofnun, dýralæknaráð hefur fjallað um málið og nú er verið að undirbúa frumvarp þar sem gefinn yrði möguleiki á nýju erfðaefni til kjötframleiðslu.“ - ebg

**Innflutningur á nautakjöti í tonnum**
fyrstu sex mánuði ársins




Sjúklingar borgi fyrir sig:

## Greiðslur sjúkra gætu hækkað

**EFNAHAGSMÁL** „Samkvæmt samningi sem gerður var við sérfræðilækna um áramót lækkaði kostnaðarhlutdeild sjúklinga úr 42 prósentum í 30. Það kemur til greina að hækka hlutdeild sjúklinga aftur,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra. Það stefnir í að útgjöld Sjúkratrygginga Íslands verði þremur milljörðum hærri á árinu en heimildir gera ráð fyrir.

Kristján segir tvær leiðir til að fjármagna heilbrigðisþjónustu; bein framlög úr ríkissjóði og greiðslur sjúklinga fyrir veitta þjónustu. - jme / sjá síðu 4









## SPURNING DAGSINS



Vigdís, eru forstöðumenn úti að aka?

**„Nei, en framúrakstur er samt sem áður bannaður.“**

Vigdís Hauksdóttir mun á næstu vikum og mánuðum skoða með ráðuneytum hvers vegna sumar stofnanir á vegum ríkisins hafa keyrt langt fram úr fjárlögum. Vigdís er formaður fjárlaganefndar.

Embætti Sérstaks saksóknara og SFO skiptust á gögnum í rannsókn á viðskiptum Vincents Tchenguiz:

# SFO fékk gögn frá Sérstökum saksóknara

**DÓMSMÁL** Embætti Sérstaks saksóknara lét bresku efnahagsbrotadeildinni, Serious Fraud Office (SFO), í té gögn um viðskipti kaupsýslumannsins Vincents Tchenguiz við Kaupþing, á grundvelli réttarheimildar sem lögð var fram að beiðni efnahagsbrotadeildarinnar bresku. Þau gögn urðu síðan hluti af málaferlum gagnvart Tchenguiz ytra.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur lögfræðingateymi á vegum Tchenguiz hafið störf við að skoða grundvöll til málshöfðunar vegna misbrests á rannsókninni.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir gögn í máli Tchenguiz hafa verið veitt SFO á árunum 2010 og 2011 að framkominni réttarheimild þess efnis.

„Við höfum verið í samskiptum við SFO vegna þessa máls. Ég get ekki, málsins vegna, tjáð mig um rannsókn sem er á forræði SFO en ég get staðfest að þeir hafa fengið frá okkur gögn, samkvæmt beiðni, og við frá þeim. Þannig hefur okkar samskiptum og samvinnu verið háttað í þessum málum sem og öðrum,“ segir Ólafur Þór.

Mál bresku efnahagsbrotadeildarinnar gagnvart viðskiptum Tchenguiz var að lokum fellt niður vegna mistaka í rannsókn málsins. Náðist að lokum sátt milli aðila um að efnahagsbrotadeildin greiddi Tchenguiz þrjár milljónir sterlingspunda í skaðabætur. **- sa**



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Ólafur veitti gögn á grundvelli réttarbeiðni.



**HITINN MÆLDUR** Kannað hvort verkamenn við höfnina í Monróvíu, höfuðborg Líberíu, séu hugsanlega komnir með ebólu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ebólan hefur lagt um þúsund manns að velli:

## Spánverji fær tilraunalyfið

**SPÁNN, AP Spænskum stjórnvöldum tókst að fá bandaríska lækna til að senda til Spánar tilraunalyfið ZMapp, svo gefa megi það presti sem smitast hafði af ebóluveirunni.**

**Lyfið hafði aðeins verið notað á tvo ebólusmitaða Bandaríkjamenn, sem sendir voru frá Afríku á sjúkrahús í Bandaríkjunum. Enn hefur þetta lyf ekki verið notað á neinn þeirra, sem enn eru í Afríkuríkjum.**

**Ebólaveiran hefur lagt um þúsund manns að velli í fjórum ríkjum vestanverðrar Afríku. Nígerísk stjórnvöld segjast hafa spurt bandarísk heilbrigðisyfirvöld hvort þeim myndi standa lyfið til boða.**

**„Það lítur svo út sem einungis þrír Vesturlandamenn hafi fengið lyfið þótt flestir ebólusmitaðir séu Afríkumenn,“ segir Art Caplan, yfirmaður stofnunar um siðfræði læknavísinda við Háskólann í New York. - gb**

Grunur um upplýsingaleka:

## Lögreglumaður verður ákærður

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að ákæra lögreglumann vegna gruns um upplýsingaleka. Honum hefur þó enn ekki verið birt ákæran.

Lögreglumaðurinn er grunaður um að hafa deilt upplýsingum um kvenkyns þolendur kynferðisofbeldis í lokuðum vinahópi á Facebook.

Garðar Steinn Ólafsson, lögmaður mannsins, sagðist í gær enn ekki hafa fengið upplýsingar frá Ríkissaksóknara um hvað nákvæmlega er ákært fyrir. **- bá, gb**

Árás á fangelsi á Haítí:

## Hundruð fanga ganga lausir

**HAÍTÍ, AP** Meira en þrjú hundruð fangar sluppu út úr fangelsi á Haítí á sunnudag, þegar árás var gerð á það. Svo virðist sem árásin hafi verið gerð til þess að hjálpa syni auðkýfings að flýja.

Vitni segja að um 15 vopnaðir menn á tveimur bifreiðum hafi ekið upp að fangelsinu og tekið að skjóta á fangaverðina. Tveir þeirra særðust.

Lögreglan hóf þegar í stað leit að föngunum, en óttast er að sumum þeirra hafi fljótlega tekist að komast úr landi. **- gb**

# Hefur litla þýðingu fyrir Íslendinga

**Viðskiptaþvinganir vesturveldanna vegna ástandsins í Úkraínu hafa verið á afar takmörkuðum sviðum. Þátttaka Íslendinga er fyrst og fremst táknræn segir formaður utanríkismálanefndar Alþingis. Aðgerðir hafa stigmagnast að undanförnu.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar hafa tekið þátt í viðskiptaþvingunum Evrópusambandsins og Bandaríkjanna vegna ástandsins í Úkraínu á grundvelli EES-samningsins. Þvingunaraðgerðirnar varða viðskiptabann, farbann eða frystingu fjármuna. Slíkar takmarkanir varða EES-samninginn sem kveður á um frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks innan EES.

„Það sem hefur verið ákveðið til þessa hefur ekki haft neina praktíska þýðingu fyrir Íslendinga, mér vitanlega. Þetta hefur verið á svo takmörkuðum sviðum sem þessar þvingunaraðgerðir hafa verið ákveðnar,“ segir Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, og bætir við að það sé fyrst og fremst táknrænt að taka undir þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins. „Menn verða þó að hafa í huga að ekki er hægt að fara með viðskipti hingað til lands sem annars hefðu átt sér stað milli ESB-ríkja og Rússlands,“ segir Birgir.

Hér á landi hafa þvingunaraðgerðirnar verið innleiddar með reglugerðum.

Það var 21. mars sem Íslendingar tóku fyrst þátt í þvingunum Evrópusambandsins gegn rússneskum og úkraínskum einstaklingum sem tengjast aðgerðum Rússa á Krímskaga. Þá voru fjármunir nokkurra einstaklinga frystir og 18 einstaklingum, sem taldir voru ógna sjálfstæði Úkraínu, var meinað að ferðast til ESB-landa, auk þeirra landa sem tóku þátt í aðgerðunum með þeim. Fleiri ámóta reglugerðir fylgdu í kjölfarið á næstu vikum og mánuðum og fleiri eru í bígerð.



**ÞÁTTTAKA** Íslendingar hafa tekið þátt í viðskiptaaðgerðum ESB og Bandaríkjanna gagnvart Rússum. NORDICPHOTO/AFP

Heldur var hert á í lok júní. Þá var tilkynnt um viðskiptabann á vörur frá Krím og Sevastopol. Bannið gildir þó ekki um vörur frá þessum stöðum ef þeim fylgir upprunavottorð frá úkraínskum stjórnvöldum.

Í lok síðasta mánaðar var enn hert á. Þá var lagt bann við viðskiptum með skuldabréf rússneskra fjármálafyrirtækja, sett var útflutningsbann til Rússlands á hergögnum og vörum með tvíþætt notagildi til hernaðar, útflutningsbann á tæki fyrir olíuiðnaðinn til djúpsjávarkönnunar og framleiðslu. Þá er bann lagt við könnun á olíuvinnslumöguleikum á norðurskauti eða leirsteinaolíuframleiðslu í Rússlandi.

Eins og komið hefur fram í fréttum hafa Rússar brugðist hart við þessum þvingunaraðgerðum og tilkynntu í síðustu viku að þeir hefðu ákveðið að setja á innflutningsbann gagnvart þeim þjóðum sem hafa staðið í þvingunaraðgerðum gegn landinu. Ísland var ekki á þeim lista. **johanna@frettabladid.is**



**„Menn verða þó að hafa í huga að ekki er hægt að fara með viðskipti hingað til lands sem annars hefðu átt sér stað milli ESB-ríkja og Rússlands.**

*Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis.*






Fagfjárfestar vilja taka þátt í byggingu nýs spítala með skuldabréfakaupum:

# Vilja fjármagna nýjan spítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Áhugi er fyrir því meðal fagfjárfesta að taka þátt í byggingu nýs Landspítala með eignatryggðri fjármögnun. Þá myndi kostnaðurinn vegna spítalans ekki lenda á ríkisreikningi.

Óvíst er hvort og hvenær ráðist verði í byggingu nýs Landspítala. Stjórn og starfsmenn Nýs Landspítala ohf. og byggingarnefnd um spítalann eru enn að störfum en óvissan snýst aðallega um fjármögnun. Ekki er sátt um það milli stjórnarflokkanna að hægt sé að ráðast í framkvæmdina á þessum tímapunkti en kostnaðaráætlun um nýbyggingar og tækjakaup hljóðar upp á samtals 80 milljarða króna.

En það er til lausn á fjármögnunarvanda Nýs Landspítala sem þarf ekki að fela í sér þungt högg fyrir fjárhag ríkissjóðs. Um er að ræða leið sem fæli í sér að fjárfestar myndu tryggja byggingu spítalans með kaupum á skuldabréfum sem væru tryggð með framtíðarrekstrartekjum spítalans.

Dæmi um eignatryggða fjármögnun af þessu tagi er bygging Hvalfjarðarganga á sínum tíma. Þá voru skuldabréfin sem gefin voru út vegna framkvæmdarinnar tryggð með fargjöldum þeirra sem keyrðu í gegnum göngin.

Jón Finnbogason, forstöðumaður skuldabréfa hjá Stefni hf., einu stærsta sjóðsstýringarfyrirtæki landsins, segir áhuga hjá fagfjárfestum að taka þátt í verkefninu.

„Þetta er verkefni sem væri hægt að fjármagna með eignatryggðri fjármögnun, svo dæmi sé tekið,“ segir Jón.

Hann segir að ef þessi leið yrði farin yrði skuldabréf vegna byggingar spítalans til dæmis tryggt með rekstrartekjum spítalans. Hann segir að þessar hugmyndir hafi fengið ágætis hljómgrunn hjá stjórnvöldum án þess að tæknilegar útfærslur hafi verið ræddar. Umræðan sé á frumstigi. **- þþ**



**VIÐ HRINGBRAUT** Vilji er til að reka spítalann í einu húsnæði FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SVONA ERUM VIÐ



**2.717** **hrafnar voru veiddir og skráðir í veiðiskýrslur árið 2012.**

Þeir voru 7.119 árið 1995.

Rússar taka þátt ásamt Úkraínu, Evrópusambandinu og Bandaríkjunum í mannúðaraðstoð í Úkraínu:

# Andstæðingar taka höndum saman

**ÚKRAÍNA, AP** Rauði krossinn mun hafa forystu um alþjóðlegt mannúðarstarf í hinu stríðshrjáða Luhansk-héraði í Úkraínu. Rússar hafa auk Úkraínu fallist á að taka þátt í starfinu ásamt Evrópusambandinu og Bandaríkjunum.

Uppreisnarmenn hafa mánuðum saman barist við Úkraínuher í héraðinu, en Rússar hafa ítrekað verið sakaðir um að hafa aðstoðað uppreisnarmennina, bæði með því að útvega þeim vopn og þjálfa þá til verka.

Bæði Úkraínustjórn og leiðtogar á Vesturlöndum hafa verið tregir til að fallast á að Rússar taki þátt í hjálparstarfi í Úkraínu. Þeir hafa óttast að Rússar myndu nota það sem yfirvarp til þess að senda hermenn inn í landið, þar sem þeir gætu komið uppreisnarmönnum til aðstoðar.

➜ Hundruð þúsund íbúa héraðsins hafa flúið heimili sín að undanförnu

Hundruð þúsunda íbúa héraðsins hafa flúið heimili sín vegna átakanna. Talið er að einungis 250 þúsund manns séu eftir í höfuðborg héraðsins, Donetsk, en þar bjuggu um 420 þúsund manns í vor þegar átökin voru að hefjast.

Þeir sem enn hafast við í höfuðborginni hafa verið bæði rafmagns- og vatnslausir í meira en viku. **- gb**



**UPPREISNARMAÐUR Í DONETSK** Á verði við fangelsi sem meira en hundrað fangar sluppu úr í kjölfar loftárásar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ræðir við embættismenn:

## Engum verður sagt upp



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

**STJÓRNSÝSLA** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að engum verði sagt upp í tengslum við breytingar á sýslumanns- og lögregluumdæmum. Þá segir ráðherra að skrifstofur og starfsstöðvar embættanna haldist. Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi í gær með þeim sem skipaðir hafa verið lögreglustjórar og sýslumenn hinna nýju embætta.

Breyting á umdæmunum og aðskilnaður embætta sýslumanna og lögreglustjóra tekur formlega gildi 1. janúar næstkomandi. **- jme**



**STYRKJA STOFNINN** Lagt er til að stuðningur við geitaræktendur verði aukinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ PJETUR

Um 850 geitur í landinu:

## Stutt verði við geitabændur

**LANDBÚNAÐUR** Starfshópur á vegum landbúnaðarráðherra hefur skilað tillögum um hvernig hægt sé að efla íslenska geitastofninn. Samkvæmt tillögum hópsins er lagt til að nú þegar verði auknu fé veitt til stofnverndar geitastofnsins og að innleitt verði sérstakt stuðningsform fyrir geitarækt.

Hópurinn telur mikilvægt að haldið verði áfram uppbyggingu á sæðisbanka með frystu hafrasæði. **- jme**

# Uppgjörinu er ekki lokið

**Sérstakur saksóknari segir að það eigi að taka fjárlög og fjárheimildir alvarlega. Embættið er komið 120 milljónum króna fram úr heimildum. Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands kallar eftir ábyrgð ríkisstjórnar og Alþingis.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það ber að taka alvarlega allt sem snýr að fjárheimildum og fjárlögum. Embætti Sérstaks saksóknara hefur ekki áður farið fram úr fjárheimildum,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Samkvæmt endurskoðuðum útreikningum var embættið komið 120 milljónum króna fram úr heimildum á fyrrihluta ársins.

Ólafur Þór segir að embættið hafi átt 140 milljóna króna afgang frá síðasta ári og að minnsta kosti hluti þeirrar fjárhæðar sé inni í útreikningum.

Hann segir ljóst að embættið hafi farið fram úr heimildum og ein af skýringunum sé sú að rannsókn nokkurs fjölda mála sem tengjast efnahagshruninu sé enn ólokið.

Ólafur segir að embættið hafi verið settur ákveðinn fjárhagsrammi til fjögurra ára á minnisblaði árið 2010. Miðað við þær forsendur sem þá var lagt upp með hafi embættið ekki farið fram úr þeim áætlunum.

Ólafur segir að á þessu ári eigi að fara fram fjárhagslegt uppgjör embættisins. Því eins og komi fram í athugasemdum með fjárlögum þessa árs sé stefnt að því að innanríkisráðuneytið vinni með embætti Sérstaks saksóknara að fjárhagslegu uppgjöri embættisins, með það að markmiði að ljúka þeim rannsóknum og verkefnum sem Sérstakur saksóknari hefur með höndum.

„Þessu uppgjöri er hins vegar ekki lokið og því liggur ekki ljóst fyrir hver endanleg niðurstaða verður,“ segir Ólafur Þór en bætir við að fyrirsjáanlegt sé að útgjöld á síðari helmingi ársins verði eitthvað lægri en á fyrri hluta þess.

Það stefnir í að Sjúkratryggingar Íslands fari þremur milljörðum króna fram úr fjárheimildum á þessu ári.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, hefur bent á ábyrgð stjórnvalda á framúrkeyrslu stofnunarinnar. Stofnunin hafi í byrjun árs verið búin að gera þeim grein fyrir stöðunni.

Hann segir að stjórnvöld geti aðhafst tvennt í málefnum stofnunarinnar, annars vegar að auka fjárframlög til hennar og hins vegar að skerða réttindi borgaranna hvað varðar greiðslur.

„Þetta eru réttindi sem ákveðin eru af stjórnvöldum þannig að það er ríkisstjórnar og Alþingis að taka ákvörðun um hvort þau réttindi verða skert, það er ekki Sjúkratrygginga að taka slíka ákvörðun,“ segir Steingrímur Ari.

Steingrímur Ari segir nokkra þætti skýra framúrkeyrsluna. Ekki hafi verið gripið til aðgerða vegna síaukins lyfjakostnaðar svo sem vegna ofvirknilyfja. Stofnunin hafi ekki fengið næg fjárframlög til að mæta samningi sem gerður var við tannlækna um barnatannlækningar. Það sem skýri hins vegar framúrkeyrsluna að stærstum hluta sé samningur við sérfræðilækna sem gerður var um áramót. Hann kosti Sjúkratryggingar um milljarð króna á þessu ári án þess að stofnunin hafi fengið auknar tekjur á móti.

johanna@frettabladid.is




**FRAMÚRKEYRSLA** Embætti Sérstaks saksóknara er komið fram úr fjárheimildum í fyrsta sinn. Sérstakur saksóknari segir að enn sé rannsókn nokkuð margra mála ólokið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**„Þessu fjárhagsuppgjöri er ekki lokið og því liggur ekki ljóst fyrir hver endanleg niðurstaða verður.**

*Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.*



**„Þetta eru réttindi sem ákveðin eru af stjórnvöldum þannig að það er ríkisstjórnar og Alþingis að taka ákvörðun um hvort þau réttindi verða skert.**

*Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 22° | New York | 24° |
| Aþena | 35° | Gautaborg | 19° | Orlando | 31° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 18° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 26° | París | 21° |
| Billund | 20° | London | 20° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 21° | Mallorca | 35° | Stokkhólmur | 20° |







**BJART SV- OG V- LANDS** í dag og á morgun en dregur fyrir á fimmtudag en þá fer að glitta í þá gulu A-til. Strekkingur A-til í dag og í fyrramálið en dregur úr vindi um allt land á morgun. Hlýjast SV-til í dag og á morgun en NA-til á fimmtudag. Hiti 8-16 stig.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# ÚTSALA

Verð er birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl og gildir á meðan á útsölu stendur og birgðir endast.

## Í FULLU FJÖRI – ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

### TIMEOUT hægindastólar

65.000 kr afsláttur
takmarkað magn



**Verðdæmi**
**TIMEOUT** leður hægindastóll með skemli
**Kr. 314.900**
Fullt verð kr. 379.900

CONFORM

### Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-35% afsláttur



**C&J SILVER**
með Infinity heilsudýnu
**Verðdæmi** 2x90x210 cm
Fullt verð kr. 567.300 **ÚTSÖLUVERÐ KR. 425.475**

**Fæst í mörgum stærðum.**

### Lingen svefnsófi

25% afsláttur



**Kr. 93.675**
Fullt verð kr. 124.900



Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm



Lingen er fáanlegur í 3 litum, gráu, rauðu og bláu slitsterku áklæði.

### Tempur® heilsukoddar!

25-50% afsláttur



Verðdæmi Classic
**kr. 8.950**
Verð kr. 17.900

ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA
**Takmarkað magn**

Verðdæmi Original
**kr. 14.175**
Verð kr. 18.900

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

### Sængurver í sérflokki!

20–50% afsláttur



JOOP! elegante bed-linen fashion bruno banani

### Vandaðar dúnsængur

30% afsláttur

140x200 Pure Sleep
verð áður kr. 24.900
**Nú kr. 17.430**



QUILTS OF DENMARK®

### Vönduð Serta heilsurúm!

Serta

**Frábært verð!**

**Verðdæmi**
**Reynir** heilsurúm með Standard botni

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | ÚTSÖLUVERÐ |
|---|---|---|
| 120x200 | 156.700 kr. | 125.360 kr. |
| 140x200 | 166.700 kr. | 133.360 kr. |
| 160x200 | 193.700 kr. | 154.960 kr. |
| 180x200 | 216.100 kr. | 172.880 kr. |
| 192x203 | 230.800 kr. | 184.640 kr. |



Reynir Sigurðsson
stofnandi
Betra Baks

ANNIVERSARY EDITION
Reynir
SPECIALLY MADE FOR BETRA BAK BY Serta

Frá stærsta dýnuframleiðanda í heimi – Serta – framleidd fyrir Betra Bak. Algjörlega einstök heilsudýna sem er nefnd eftir stofnanda fyrirtækisins Reyni Sigurðssyni.



### Svefnsófar margar gerðir

25% afsláttur



Pokagormadýna. Stærð 140x195 cm

**Verðdæmi**
**QUATRO** svefnsófi
Afsláttarverð **kr. 217.425**
Fullt verð kr. 289.900

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16**



**1.** Hversu miklar líkur eru á að ein-eggja þríburar verði til með náttúru-legum hætti?
**2.** Hver var með flest atkvæði í fyrstu beinu forsetakosningum Tyrklands?
**3.** Um hvað gerði Anna Gyða Sigur-gísladóttir heimildarmynd?

**SVÖR**

1. Einn á móti hundrað milljónum.
2. Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra landsins.
3. Um samfélagslega frumkvöðlastarfsemi.

Upprunamerkingar á eldislaxi í verslanakeðjum sagðar kolrangar:

# Merkja norskan lax sem skoskan

**SKOTLAND** Stórar verslanakeðjur selja norskan eldislax sem skoskan lax, og jafnvel sem villtan. Þessu halda skosku samtökin Protect Wild Scotland fram í skoskum fjölmiðlum. Samtökin hafa sent samkeppnisyfirvöldum í Skotlandi umkvartanir sínar vegna villandi merkinga.

Verslanakeðjan Aldi hefur þegar brugðist við eftir að frá málinu var greint í fjölmiðlum og tekið eina vörulínu úr hillum sínum, en hún er merkt „Best frá Skotlandi“.

Í frétt The Scotsman segir frá því að verslunarrisinn Tesco hafi neyðst til þess að hætta auglýsingaherferð fyrir skoskan lax í verslunum sínum undir slagorðinu „100% skoskt“, eftir að í ljós kom að allur laxinn var norskur eldislax.

Þegar hafa fimmtán erindi borist yfirvöldum vegna áþekkra mála, þar sem upprunamerkingar eru rangar. Athygli vekur að vara er auglýst sem villtur lax þótt um eldislax sé að ræða og er það tekið sem dæmi um bíræfni þeirra sem standa fyrir sölu vörunnar. **- shá**



**ELDISLAX** Reynt er að villa um fyrir neytendum með röngum upprunamerkingum. MYND/SIGURJÓN

Landlæknir varar við ebólu:

# Ekki ferðast til Vestur-Afríku

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis hefur gefið út nýjar ráðleggingar til ferðamanna vegna ebólufaraldursins í Vestur-Afríku. Landlæknir hvetur þá sem eru á þeim slóðum eða hyggja á ferðir þangað að fylgjast náið með gangi mála.

Þótt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi ekki lýst yfir ferðabanni til Gíneu, Síerra Leóne, Líberíu eða Nígeríu er mælst til þess að ekki sé ferðast til þessara landa að óþörfu. **- jme**






**KAFAÐ** Á Þingvelli sóttu um 15 þúsund manns í fyrra til að kafa við einstakar aðstæður í Silfru og Davíðsgjá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hugsi yfir smithættu frá köfunarbúnaði

**Þjóðgarðsvörður telur vert að kanna hvort kafarar sótthreinsi búnað sinn áður en kafað er á Þingvöllum. Dýralæknir fisksjúkdóma telur hverfandi hættu á smiti frá búnaði sem hefur ekki komist í snertingu við fisk. Því er ekki krafist hreinsunar.**

**UMHVERFISMÁL** Engin krafa er um að erlendir gestir sótthreinsi búnað sinn sem þeir nota við köfun hér á landi. Strangar reglur eru hins vegar í gildi um sótthreinsun veiðibúnaðar og sótthreinsun reiðtygja. Þjóðgarðsvörður útilokar ekki að sótthreinsun köfunarbúnaðar ætti rétt á sér áður en kafað er í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Strangar varúðarráðstafanir eru viðhafðar til að hindra óæskilegt smit gróðurs og dýralífs hér á landi. Því má finna stað í lögum um varnir gegn fisksjúkdómum. Reiðtygi eru einnig undir þessi skilyrði sett, í krafti laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir það umhugsunarefni að sótthreinsun köfunarbúnaðar sé ekki skylda, sérstaklega í ljósi þess að um 15.000 manns heimsóttu Þingvelli til að kafa í Silfru og Davíðsgjá í fyrra. Það eru margfalt fleiri en koma hingað til að veiða lax og silung á stöng. Ásókn í köfun á svæðinu fer auk þess vaxandi.

„Það þarf að huga að þessu. Sjálfsagt er að kanna hvort fara ætti fram á að kafarabúnaður sem nýttur er við Þingvallavatn sé sótthreinsaður. Kafarar koma úr ýmsum áttum og ég þori ekki að segja hvað getur fylgt þessum búnaði. Ef aðskotadýr eða -plöntur koma í Davíðsgjá, þá er það alvarlegt mál,“ segir Ólafur.

## Undanþágur frá sótthreinsun varnings

- Kajakar og aðrir léttabátar.
- Veiðibúnaður sem notaður hefur verið á Grænlandi.
- Kafarabúningar, bæði blaut- og þurrbúningar.
- Veiðibúnaður sem notaður er við sjóstangveiði.
- Allur varningur sem án vafa er nýr og ónotaður.

Strangar varúðarráðstafanir eru viðhafðar til að hindra óæskilegt smit gróðurs og dýralífs hér á landi. Heimilt er að hafa meðferðis til landsins veiðitæki og veiðibúnað sem notaður hefur verið erlendis ef sótthreinsun hefur farið fram áður en búnaðurinn er fluttur hingað. Liggi ekki fyrir vottorð erlends yfirvalds um sótthreinsun, fer hún fram hérlendis á kostnað viðkomanda. Þessu má finna stað í lögum um varnir gegn fisksjúkdómum. Reiðtygi eru einnig undir þessi skilyrði sett, í krafti laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, útskýrir að eftir að faglegt mat var lagt á smithættu með varningi eins og köfunarbúnaði hafi ekki þótt ástæða til að skylda fólk til að sótthreinsa hann. Það sama á við um léttabáta eins og kajaka.

Aðspurður um hver rökstuðningurinn er fyrir því að ekki þurfi sótthreinsun á þessum tiltekna búnaði, rétt eins og á veiðistöng og vöðlum segir Gísli að í stuttu máli þá „teljum við hverfandi áhættu fylgja búnaði sem ekki kemur í snertingu við fisk, slím, blóð og aðrar lífrænar leifar“. Hann bætir við að mest áhersla sé lögð á sótthreinsun rotara, hnífa, háfa og þess háttar búnaðar sem sannarlega hefur komið í návígi við fiska. Eins er horft á handfang stangarinnar, þar sem blóðug hönd gæti hafa komið við sögu.



> Sjálfsagt er að kanna hvort fara ætti fram á að kafarabúnaður sem nýttur er við Þingvallavatn sé sótthreinsaður.
>
> *Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður.*

svavar@frettabladid.is




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um staðalbúnað Ford Kuga?
Meðal staðalbúnaðar Ford Kuga er: skynvætt fjórhjóladrif, Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17" Titanium álfelgur, upphitanleg framrúða, starthnappur, regnskynjari í framrúðu og langbogar með álútliti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!
Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,7/6,1 l/100 km. $CO_2$ losun 149/159 g/km.
Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. $CO_2$ losun 179 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. *Samkvæmt öryggisprófunum Euro NCAP.

Kosningaeftirlit gagnrýnir Erdogan:

# Misnotaði stöðu sína


**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Verður forseti Tyrklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**TYRKLAND, AP** Kosningaeftirlitsmenn frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu segja að Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hafi misnotað aðstöðu sína í kosningabaráttunni.

Hann var kosinn forseti Tyrklands um helgina, en hefur verið forsætisráðherra í tvö kjörtímabil.

Kosningaeftirlitið segir kosningarnar að mestu hafa farið vel fram, en Erdogan hafi, í krafti stöðu sinnar og með aðstoð einhliða fjölmiðla, haft mikið forskot. - gb


Jarðvegsþjappa og steinsög

149.900 m. VSK



210.900 m. VSK



Oleo Mac 16" Steinsög 5HP - ítölsk gæðavara

PC 1442 Shatal jarðvegsþjappa

Stærð plötu: 400 x 550 mm
Þyngd: 80 kg
Mótor: Honda bensín 5,5 hö
Miðflóttaafl á plötu: 1400 kg
Mesti hraði áfram: 26 m/mín
Víbratíðni: 93 Hz
(fleiri stærðir á lager)

TILBOÐ Í ÁGÚST
350 mm Demantsblað frá LXI fylgir söginni í ágúst.
(Lxi-601013500)



Vagn fáanlegur sér kr. 129.900 með vsk.

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Malíki ætlar í hart

Forseti Íraks felur Haider al Ibadi að mynda ríkisstjórn en Núrí al Malíki hótar að fara í hart. Malíki hefur hins vegar einangrast og misst stuðning manna sinna.


**MÓTMÆLI Í BAGDAD** Stuðningsmenn Núrí al Malíkis forsætisráðherra mótmæla ákvörðun forsetans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÍRAK** Núrí al Malíki, sem hefur verið forsætisráðherra Íraks í tvö kjörtímabil, er harla ósáttur við að Fúad Massúm Íraksforseti hafi gengið fram hjá honum og falið í staðinn Haider al Ibadi, varaforseta íraska þingsins, að mynda nýja ríkisstjórn.

Al Ibadi er flokksbróðir al Malíkis og báðir eru þeir sjía-múslimar. Dawa-flokkurinn þeirra er stærsta afl sjía-múslima á þingi.

Flokkurinn sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem ákvörðun forsetans er hafnað, en mikill meirihluti þingmanna flokksins styður engu að síður al Ibadi.

Honum hefur ekki tekist að afla sér stuðnings meðal annarra flokka til að geta myndað samsteypustjórn. Hann hefur þar að auki misst stuðning margra liðsmanna eigin stjórnmálaflokks, Dawa-flokksins.

Klerkurinn Muktada al Sadr, leiðtogi næststærstu fylkingar sjía-múslima á þingi, hefur lýst yfir stuðningi við al Ibadi.

Al Malíki segist hins vegar ætla að fara í hart fyrir dómstólum til að tryggja sér forsætisráðherraembættið áfram. Hann sá einnig til þess að hermenn, hliðhollir honum, væru áberandi á götum Bagdad eftir að tíðindi bárust af ákvörðun forsetans.

Al Malíki er að nokkru kennt um velgengni öfgasamtakanna Íslamskt ríki, sem hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald og hrakið tugi þúsunda íbúa frá heimilum sínum í norðurhluta landsins. Meðal þeirra eru Kúrdar, kristnir menn og Jasídar, sem sumum hefur tekist að komast yfir landamærin til Tyrklands.

Bandaríkjamenn hafa undanfarna daga gert loftárásir á liðsmenn Íslamska ríkisins, en í gær var skýrt frá því að Bandaríkin myndu einnig útvega Kúrdum vopn til að takast á við hina herskáu íslamista.

Þá eru Bandaríkjamenn farnir að varpa matvælum og öðrum nauðsynjum úr flugvélum niður til flóttafólksins.

Al Malíki hefur lengi verið gagnrýndur fyrir að notfæra sér stöðu sína til að tryggja sér æ meiri völd í landinu og draga taum sjía-múslima á kostnað bæði súnní-múslima og Kúrda. Hann nýtur því lítils stuðnings utan þess þrönga hóps sjía-múslima, sem næst honum stendur.

### ➜ Jasídar á flótta

Tugir þúsunda jasída hafa flúið ógnarstjórn samtakanna Íslamsks ríkis í norðurhluta Íraks. Þeir dvöldu í vikutíma í hlíðum fjallsins Sindsjar, en tókst svo flestum að komast yfir landamærin til Tyrklands. Margra er þó saknað.

Hann nýtur hins vegar mikils stuðnings innan hers og lögreglu, þannig að kjósi hann að beita þeim liðsafla til að styrkja stöðu sína gætu átökin í landinu orðið enn harðari en þau eru nú.

gudsteinn@frettabladid.is





CITROËN NEMO ER HAGKVÆMASTI KOSTURINN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Citroën Nemo er með lægsta verðmiðann á markaðnum. Gerðu samanburð og veldu hagkvæman og lipran sendibíl sem uppfyllir allar þínar kröfur. Nemo er vel búinn og sparneytinn, hvort sem þú velur bensín eða dísil. Hliðarhurðir beggja vegna auðvelda hleðslu og hægt er að flytja lengri hluti með því að fella niður skilrúmið. Kauptu hagkvæman Citroën Nemo, við aðstoðum þig með fjármögnun.

Komdu í reynsluakstur.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Laugavegi 26 | s.512 1715 | ntc.is | facebook / verslunin.eva | Instagram / verslunineva



**VIÐ ÍSBÚÐINA** Það var nóg að gera í ísbúðinni Valdísi á Grandagarði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





PHOTOSHOP EXPERT

ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ

Um námskeiðið

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa og myndblöndun.

Fyrir hverja

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

Inntökuskilyrði

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu. Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem námsgögn eru á ensku.

Næsta námskeið

Hefst: 28. ágúst og lýkur 30. september.
Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum 18.00 - 22.00

Kennarinn



Sigurður Jónsson, lærði ljósmyndun í School Of Visual Arts Í New York og öðlaðist meistararéttindi í ljósmyndun árið 1989. Hann hefur haldið námskeið í stafrænni myndvinnslu fyrir Ljósmyndarafélag Íslands, Listaháskóla Íslands, Margmiðlunarskólann, Iðnskólann Í Reykjavík og nú í 8 ár hjá NTV.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
ntv




**ELLIÐAÁRDALUR** Það er gott að kæla sig í ánni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**REYKJAVÍK** Sólar og íss notið á besta degi sumarsins í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Loksins sól

Höfuðborgarbúar fengu langþráða sól í gær þegar heitasti dagur ársins rann upp. Hitinn fór nærri 20 gráðum.

Hitinn í gær komst upp í tæpar 20 gráður á höfuðborgarsvæðinu um klukkan sex í gær og var það mesti hiti sem mælst hefur í sumar. Margir nýttu daginn í útiveru, kaffihúsaferð eða sund. „Það er búið að vera mjög mikið að gera. Það er gott veður og allir glaðir og hressir,“ segir Þórunn Jörgensen, sem vinnur á Kaffi París. Hún segir að það sé vinsælt að panta sér nachos og bjór á svona góðviðrisdögum. „Annars er það mikið matur og kaffi,“ segir hún. Í dag spáir björtu veðri og litlu minni hita en í gær, góðviðrið heldur áfram í höfuðborginni á miðvikudag en þá spáir léttskýjuðu. -jhh



**SÓLBAÐ** Það er líka gott að liggja bara og leyfa sólinni að leika um sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hrunamenn fá nýjan prest:

## Tíu sækja um Hrunaprestakall

**KIRKJUMÁL** Tíu umsækjendur eru um embætti sóknarprests í Hrunaprestakalli í Suðurprófastsdæmi. Skipað verður í embættið frá 1. september næstkomandi og rann umsóknarfrestur út hinn 5. ágúst síðastliðinn. Sjö konur sækja um embættið og þrír karlar.
Biskup Íslands skipar í embættið að fenginni umsögn valnefndar, sem skipuð er níu manns úr prestakallinu auk prófasts í Suðurprófastsdæmi. - mhh

IFS greining rekur lækkun á úrvalsvísitölunni fyrir helgi til óróans í Rússlandi:

# Hefur áhrif á íslensk hlutafélög

**VIÐSKIPTI** Talsverður órói var á hlutabréfamörkuðum víða um heim fyrir helgi vegna innflutningsbanns Rússa gagnvart þeim þjóðum sem framarlega hafa staðið í þvingunaraðgerðum gegn landinu. Eins og fram hefur komið eru Íslendingar ekki meðal þjóða á bannlista Rússa en þó höfðu fréttir af banninu áhrif á hlutabréfamarkaðinn hérlendis.

Í morgunpósti IFS greiningar í gærmorgun kom fram að íslenska úrvalsvísitalan OMXI8 lækkaði um 0,7 prósent á föstudag og sjö félög á aðallista lækkuðu í verði. Þar kemur einnig fram að hlutabréf í Marel lækkuðu í verði um tæplega þrjú prósent frá miðvikudegi til föstudags en fréttir hafa borist af því að kjúklingaiðnaðurinn verði illa úti vegna aðgerða Rússa. Sala til kjúklingaiðnarins nemur yfir helmingi tekna Marels og rekstrarhagnaður (EBIT) af þeirri starfsemi er hærri en rekstrarhagnaður félagsins í heild sinni. Íslenska úrvalsvísitalan hækkaði svo aftur í gær um 0,41%, en viðskiptin voru mjög lítil. - bá, jhh



**KAUPHÖLLIN** Úrvalsvísitalan lækkaði vegna óróa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Geta skapað mikla hættu:

## Heitir pottar innkallaðir

**NEYTENDUR**. Húsasmiðjan hefur innkallað uppblásna heita potta af gerðinni Mspa – Oriental Recreational Products (ORPC) B-110, B-091 og B-132. Ástæða innköllunarinnar er sú að alvarleg hætta getur skapast af notkun þeirra. Í tilkynningu á vef Neytendastofu biður Húsasmiðjan þá viðskiptavini sem keypt hafa fyrrnefnda potta að skila þeim í næstu verslun Húsasmiðjunnar við fyrsta tækifæri. Pottarnir hafa verið til sölu í tvö ár. - jhh



**ARION** Bankinn selur stærsta hlutinn.

Arion og lífeyrissjóðir selja:

## Ætla að selja hlut í Bakkavör

**VIÐSKIPTI** Arion banki og lífeyrissjóðirnir Gildi og Lífeyrissjóður verslunarmanna hyggjast selja samtals 37% eignarhlut sinn í Bakkavör. Ágúst og Lýður Guðmundssynir hyggjast ekki selja sinn hlut í fyrirtækinu. Þetta kemur fram í frétt á vef Sky News. Þar kemur fram að Arion banki hyggist selja 25% hlut og að Lífeyrissjóðurinn Gildi og Lífeyrissjóður verslunarmanna hyggist selja 12% hlut. Einnig kemur fram að breska bankanum Barclays verði falið að annast söluna.

Þá kemur fram að bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, sem stofnuðu fyrirtækið fyrir um aldarfjórðungi, ætli ekki að selja 39% hlut sinn í Bakkavör, en talsmaður Bakkavarar hafi ekki viljað tjá sig um málið. - rkr



**ÓHEPPINN** Nathan Followill hrasaði og braut rifbein. NORDICPHOTOS/AFP.

Áfall hjá Kings of Leon:

## Trommarinn braut rifbein

**BANDARÍKIN** Dagskrá tónleikaferðalags hljómsveitarinnar Kings of Leon riðlast verulega í þessari viku vegna óhapps sem trommuleikarinn þeirra, Nathan Followill, varð fyrir í rútu hljómsveitarinnar. Hljómsveitin var á leið á hótel í Boston um helgina þegar bílstjórinn snarhemlaði með þeim afleiðingum að Fallow datt og braut rifbein. Í tilkynningu sem BBC birti segir að Followill heilsist ágætlega. Hljómsveitin mun næst koma fram í kvöldþætti Jimmys Fallon á NBC-sjónvarpsstöðinni og svo á tónleikum í New York annað kvöld. - jhh

**MENNING**

### Saltvatnaskil kemur út

Ljóðasagan Saltvatnaskil eftir Hrafnhildi Þórhallsdóttur kemur út á morgun. Í bókinni skiptast á prósa- og ljóðtextar um konu sem leggst út, nánar tiltekið undir brúna yfir Tjörnina í Reykjavík. Þetta er fyrsta bók Hrafnhildar, en hún hefur áður skrifað smásögur.



FÆÐINGAR EINEGGJA PRÍBURA ERU ÁKAFLEGA SJALDGÆFAR

## → Hvernig verða eineggja tvíburar, síamstvíburar og þríburar til?




### Eineggja tvíburar

**1** Ef skipting fósturvísa verður fljótlega eftir að eggið frjóvgast verða til tveir fósturvísar hvor með sinn vatnsbelg, æðabelg og fylgju. Allt aðgreint.






### Eineggja tvíburar / Síamstvíburar

**2** Ef skipting fósturvísa verður aðeins seinna getur orðið til sameiginlegur æðabelgur og fylgja en tveir vatnsbelgir. Ef skiptingin verður enn seinna geta orðið til sameiginleg fylgja, æðabelgur og vatnsbelgur. Þá eru fóstrin saman, eins og í einu herbergi. Þá geta orðið vandamál, sérstaklega vegna þess að naflastrengirnir geta flækst saman, og áhættan á meðgöngunni verður því meiri. Einnig getur sameiginleg fylgja aukið áhættuna því stundum tekur annar tvíburinn meira frá fylgjunni en hinn. Annar er sveltur en hinn er ofalinn. Ef skiptingin verður enn seinna geta samvaxnir tvíburar fæðst, eða svokallaðir síamstvíburar.




### Eineggja þríburar

**3** Minni upplýsingar eru til um tilurð eineggja þríbura. Það sem talið er að gerist er að eitt egg frjóvgast eins og í hinum tilvikunum. Fósturvísirinn skiptir sér í tvennt og annar fósturvísirinn af þeim sem til verða skiptir sér aftur í tvennt. Sumir halda því fram að stundum skipti fósturvísarnir sér báðir í tvennt en að annar tvíburinn hverfi og til verði þríburar. Þetta kallast „the vanishing twin“. Erfðafræðilega séð eru börnin þrjú samt öll eins.

# Fleiri þríburar í sömu fjölskyldu

**Þríburarnir sem Jóhann Helgi Heiðdal og Karin Kristiansen eignuðust aðfaranótt sunnudags, eru skyldir eineggja þríburum sem fæddust á Akureyri árið 1977. Þríburarnir eiga ættir að rekja til Ingu Jóhannesdóttur sem bjó stærstan hluta ævinnar í Grímsey. Hulda Reykjalín Víkingsdóttir, amma þríburanna sem fæddust árið 1977, telur að þetta mikla barnalán í ætt Ingu megi rekja til þess hve gott loft er í Grímsey.**

Þríburarnir sem Jóhann Helgi Heiðdal og Karin Kristiansen eignuðust aðfaranótt sunnudags, eru skyldir þríburum sem fæddust á Akureyri árið 1977. Eru það þeir eineggja þríburar sem síðast fæddust hér á landi. Þetta verður að teljast ótrúleg tilviljun vegna þess að fæðingar eineggja fjölbura tengjast ekki erfðum.

Þríeykin tvö eiga bæði ættir sínar að rekja til Ingu Jóhannesdóttur sem bjó stærstan hluta ævi sinnar í Grímsey. Auk þríbura eiga alls átta pör af tvíburum ættir sínar að rekja til Ingu. Hulda Reykjalín Víkingsdóttir er barnabarn Ingu og amma þríburanna sem fæddust á Akureyri fyrir þrjátíu og sjö árum. Allir voru þeir drengir rétt eins og þríburarnir sem fæddust í Danmörku um helgina. Þeir voru skírðir Svafar, Konráð og Bjarni Gylfasynir og fæddust 14. september. Konráð lést af slysförum í júlí sumarið 1983 tæplega sex ára.

Hulda segir þetta mikla barnalán í ætt Ingu Jóhannesdóttur líklega mega rekja til góða loftsins í Grímsey. „Það er yndislegt að fá að fylgjast með öllum þessum börnum og fá að vera hluti af lífi þeirra,“ segir hún og víkur máli sínu að þríburum sem fæddust á Akureyri fyrir næstum fjórum áratugum og eru barnabörn hennar. „Þeir voru eins og litlar perlur. Allir alveg eins. Tveir þeirra búa enn í Grímsey, en við misstum einn þegar hann var sex ára.“

Hulda útskýrir tengsl þríburanna: „Ég er amma þeirra sem fæddust árið 1977 og síðan er móðursystir mín langalangamma þeirra sem fæddust aðfaranótt sunnudagsins.“

Hún segir að mikil samskipti séu á milli fjölskyldna þríburanna. Dóttir Huldu, sem er móðir þríburanna sem fæddust á Akureyri, er í miklu sambandi við ömmu þríburanna sem fæddust í Danmörku. Þannig að tengslin eru talsverð.

Hulda á enn fleiri sögur af frjósemi: „Langafi minn eignaðist líka þríburasystur. En það er auðvitað mjög langt síðan og þær lifðu ekki lengi. Síðan á ég tengdason sem er kominn af gríðarlegum frjósemismanni, Jónasi frá Hróarsdal. Það eru þríburar í þeirri fjölskyldu líka.“ Í Þjóðviljanum, frá 1. ágúst 1985, kemur fram að Jónas Jónsson frá Hróarsdal í Hegranesi í Skagafirði hafi eignast 33 börn, þar af 26 með eiginkonum sínum.

kjartanatli@365.is



**SMÁIR** Hér má sjá þríburana sem fæddust árið 1977 ásamt systur sinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

## FÆÐINGARTÍÐNI EINEGGJA ÞRÍBURA ER LÆGRI EN ÁÐUR



**Þórður Óskarsson** segir fæðingu íslensku eineggja þríburanna, sem Fréttablaðið greindi frá í gær, vera merkileg tíðindi enda afar sjaldgæft að slíkt eigi sér stað á náttúrulegan hátt.

Þríburarnir voru í sama æðabelgnum en hver í sínum vatnsbelg. Allir höfðu þeir sömu fylgju. Í greininni var haft eftir forstjóra fæðingardeildar Sutter-spítala í Kaliforníu að líkurnar á því að þríburar fæðist með þessum hætti séu um einn á móti hundrað milljónum.

Aðspurður segir Þórður að í raun viti enginn hverjar líkurnar séu. „Þó að ég viti ekki alveg hvað menn hafa fyrir sér í því, þá hefur verið talað um að líkurnar séu allt frá einum á móti 60 þúsundum upp í einn á móti 200 milljónum,“ segir hann og bætir við að fæðingartíðni eineggja þríbura sé lægri en áður. „Flestir þríburar eru þríeggja (settir upp sem þrír fósturvísar) eða jafnvel settir upp sem tveir fósturvísar þar sem annar skiptir sér. Þegar þessum þungunum fjölgar án þess að það sé fjölgun í hinum þá verður hlutfallið alltaf lægra.“

Þórður líkir tíðni eineggja fjölbura við að fá fimm rétta í lottóinu. „Það getur gerst hvar sem er og er ekki tengt erfðum eða að því er virðist utanaðkomandi þáttum.“

freyr@frettabladid.is






## Nýr Volkswagen Polo.

**Volkswagen Polo** er kominn til landsins með nýtt útlit, nýja vél og nýja skiptingu. Hann er eyðslugrennri, hærri, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Polo býður nú líka upp á tækni eins og Bluetooth búnað fyrir síma, Start/Stop búnað, stöðugleikastýringu, frítt í stæði og brekkuvara sem aðstoðar þig við að taka af stað í brekku. Sportlegar línur, fáguð smáatriði og glæsilegt útlit grípur athyglina í umferðinni. Fjölbreytileg og hugvitsamlega hönnuð smáatriði vekja hrifningu: Það er greinilega allt á réttum stað í nýjum Polo.

**Volkswagen Polo kostar frá:**

**2.590.000 kr.***

*Polo Trendline, 1.0 MPI, 5 gíra beinskiptur, 75 hestöfl.

Das Auto.

---

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Þingmenn vilja taka hart á eyðslu umfram fjárlög:

# Agi og óvinsælar ákvarðanir

Það lofar góðu hversu fast fjárlaganefnd Alþingis virðist ætla að taka á eyðslu ríkisstofnana umfram fjárlög, sem hefur verið í fréttum undanfarna daga.

Það er rétt sem Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, sagði í fréttum okkar á Stöð 2, að engin ríkisstofnun á að fá sérmeðferð og allar eiga þær að halda sig innan þess fjárhagsramma sem Alþingi hefur sett. Það er líka rétt sem Pétur H. Blöndal, varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar, sagði í Bylgjufréttum í gær; að ríkisforstjórar sem ekki treysta sér til að fara að fjárlögum ættu að finna sér aðra vinnu. Enda eru í starfsmannalögum ríkisins ákvæði um að fari ríkisstofnun ítrekað fram úr fjárlögum megi áminna og reka forstöðumanninn.

Það er gott hjá þingmönnunum að taka djúpt í árinni. Það er ein forsenda þess að hægt sé að koma á þeim aga í ríkisfjármálum, sem stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur boðað. En í slíkum aga felst hins vegar líka að þingmennirnir þurfa þá að vera reiðubúnir að standa við bakið á forstöðumönnum ríkisstofnana, sem neyðast til að taka pólitískt óvinsælar ákvarðanir til að halda sig innan fjárlaga.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Á meðal þeirra stofnana sem hafa farið mest fram úr fjárheimildum eru Landspítalinn, Sjúkratryggingar Íslands og Vegagerðin. Á Landspítalanum hefur sjúklingum fjölgað umfram það sem gert var ráð fyrir. Ef forstjóri Landspítalans sér ekki aðrar leiðir til að mæta því en að hætta tiltekinni þjónustu, verða stjórnmálamennirnir að vera menn til að styðja þær ákvarðanir, jafnvel þótt það komi illa við tiltekna hópa. Eða þá koma með betri hugmyndir að sparnaði. Ef Vegagerðin er komin framúr vegna mikils kostnaðar við snjómokstur, verður pólitíkin að styðja það að hætt sé við einhverjar vegaframkvæmdir og þannig mætti áfram telja.

Að sjálfsögðu á að láta forstöðumenn ríkisstofnana bera ábyrgð á að halda rekstri þeirra innan fjárlaga. En sagan geymir dæmi um að stjórnmálamennirnir setji þá í ómögulega stöðu. Sveinn Arason ríkisendurskoðandi tiltók í fyrra dæmi um að heilbrigðisráðuneytið hefði hafnað niðurskurðartillögum forsvarsmanna heilbrigðisstofnana vegna þess að þær þóttu lítt til vinsælda fallnar, en látið undir höfuð leggjast að tryggja þá aukið fé til rekstrarins. Þannig hefðu viðkomandi stofnanir verið „dæmdar“ til hallareksturs.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga, sagði í Fréttablaðinu í gær að hin auknu útgjöld sem þar hafa fallið til á árinu hefðu að stærstum hluta verið fyrirséð í byrjun árs. Þá vaknar óneitanlega sú spurning hvort eitthvað af framúrakstrinum var fyrirséð strax við fjárlagagerðina, en menn hafi kosið að loka augunum fyrir því og vona það bezta, í stað þess að skerða réttindi fólks til sjúkratrygginga, eins og nú blasir við að þurfi að gera.

Til að halda áformuðum aga á ríkisfjármálunum þarf að minnsta kosti þrennt; að stjórnendur ríkisstofnana axli ábyrgð á að halda þeim innan fjárlaga, að stjórnmálamennirnir séu reiðubúnir að taka með þeim ábyrgð á óvinsælum sparnaði og að gerðar séu raunhæfar áætlanir sem halda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

**Til sölu Nissan Patrol**
**árgerð 2006**



Svartur að lit, gott lakk, glæsilegur dekubíll ekinn aðeins 104.þkm af einum eiganda.
7manna sjálfskiptur, góð dekk. Verð 2.990.000
frekari upplýsingar veitir Hilmar 8929694

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bæjarfulltrúi flytur**

Samfylkingarkonan Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi og fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, er flutt til Hafnar í Hornafirði. Margrét Gauja sóttist eftir fyrsta sætinu hjá Samfylkingunni í Hafnarfirði fyrir kosningarnar síðastliðið vor, en varð að láta í minni pokann fyrir Gunnari Axel Axelssyni. Í kosningabaráttunni var orðrómur á kreiki um fyrirhugaðan brottflutning Margrétar Gauju, en þá sögðu Samfylkingarmenn ekkert til í því að hún væri að flytja, hún ætlaði að búa í Firðinum og sinna Samfylkingarpólitík. Samfylkingin tapaði miklu fylgi í kosningunum og meirihlutanum í Hafnarfirði og staða bæjarfulltrúa í minnihluta er ekki fullt starf. Margrét Gauja hefur ráðið sig til starfa fyrir austan. Hún segist hvergi nærri hætt í pólitík en auk þess að vera í bæjarpólitík er hún varaþingmaður Samfylkingarinnar.



**Teknir á teppið.**

Fjárlaganefnd kemur saman til fundar í dag. Samkvæmt hálfsársuppgjöri Fjársýslunnar eru allmargar stofnanir sem hafa eytt umfram fjárheimildir á árinu.

Nefndin ætlar að kalla á sinn fund fulltrúa ráðuneyta og stofnana til að reyna að fá botn í hvers vegna menn hafa ekki haldið sig innan heimilda. Sennilega eiga menn ekki von á góðu því Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, hefur ítrekað tjáð sig um að ríkisstjórnin ætli að fylgja því fast eftir að menn haldi sig innan ramma fjárlaga. Varaformaður nefndarinnar, Guðlaugur Þór Þórðarson, hefur í viðtölum lagt áherslu á að engar stofnanir fái sérmeðferð heldur verði þær að halda sig innan ramma fjárlaga. Menn geta sem sagt ekki treyst því lengur að stoppað verði í götin.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fjölskylduskatturinn

EFNAHAGSMÁL



**Bjarkey Gunnarsdóttir**
alþingismaður og fulltrúi VG í fjárlaganefnd

Nú eru línur teknar að skýrast í vinnunni við fjárlagafrumvarp næsta árs. Fréttir berast af því að ríkisstjórnin, og þá sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, leggi sérstaka áherslu á breytingar á virðisaukaskattkerfinu. Fjármálaráðherra hefur sérstaklega talað fyrir því að tvöfalda virðisaukaskattinn á matvæli, færa hann úr 7% í 14% í tveimur skrefum, en lækka um leið virðisaukaskattinn á aðrar vörur, þar á meðal ýmsar lúxusvörur, um 1%.

Það liggur fyrir að með slíkri hækkun á matvæli væri ríkisstjórnin enn og aftur að þyngja byrðar þeirra sem lægri tekjur hafa. Ekki síst kemur þetta sér illa fyrir ungar og barnmargar fjölskyldur. Sú 1% lækkun á efra þrepinu sem talað hefur verið um er á vörum sem þeir sem lágar tekjur hafa neita sér frekar um. Hins vegar þurfa allir að borða og því ljóst að þessi breyting mun bitna á þeim sem síst skyldi og spyrja má hvort fjármálaráðherrann hafi reiknað út hvaða áhrif það hafi á verðbólguna og skuldastöðu heimilanna?

Ég held að við getum flest verið sammála um að verð á matvöru hefur hækkað töluvert og fæst viljum við greiða hærra verð en við nú þegar gerum. Það liggur í augum uppi að þeir sem lægri tekjur hafa kaupa alla jafna ódýrari mat en þeir sem hærri tekjur hafa. Staðreyndin er sú að um 60% lágtekjufólks eiga erfitt með að láta enda ná saman, en einungis um fjórðungur hátekjufólks. Með hækkun matarskattsins er ljóst að lágtekjufólk mun eiga enn erfiðara með að ná endum saman.

> **➜ Staðreyndin er sú að um 60% lágtekjufólks eiga erfitt með að láta enda ná saman, en einungis um fjórðungur hátekjufólks.**

Á sama tíma hefur ríkisstjórnin hækkað gjöld á sjúklinga og skráningargjöld í háskólum, sem enn og aftur kemur verst við marga þá sem eru verst settir fyrir.

En hvers vegna telur ríkisstjórnin sig þurfa að hækka matarskatt og gjöld í mennta- og heilbrigðiskerfinu? Er það ekki vegna þess að sama ríkisstjórn ákvað að afnema auðlegðarskattinn og stórlækka veiðigjöldin? Forgangsröðunin verður ekki mikið skýrari: Kvótakóngar og stóreignafólk fá afhentar milljónir á silfurfati á meðan lágtekjufólk og fjölskyldur eru látnar borga brúsann. Þessari fyrirhrunspólitík verður ekki tekið þegjandi og hljóðalaust þegar málið kemur inn á borð Alþingis og fjárlaganefndar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Steik, vín og bólgueyðandi

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Sumarið er tíminn þegar fleiri en færri nota tækifærið og grilla sér til matar. Oftar en ekki er um að ræða kjöt þótt fiskurinn sé alltaf að verða vinsælli. Þá finnst býsna mörgum gott að fá sér aðeins í tána og drekka gott vín með matnum, jafnvel fá sér fordrykk, þá er ekki óalgengt að einstaka fái sér koníak með kaffinu. Eflaust fara margir yfir strikið í bæði mat og drykk, en hvaða máli skiptir það svo sem þegar manni líður vel? Hægt er að velta upp mörgum tegundum af matseðlum og hver og einn á sinn uppáhalds, geri ég ráð fyrir. Þá skipta árstíðirnar kannski ekki svo miklu máli þrátt fyrir allt.

### Fylgikvillar lúxusfæðu

Sá sem líklega væri vinsælastur hjá þvagsýrugigtarpúkanum og líka hjá veitingamönnum víða um heim er algjör lúxusfæða. Hvítlauksristaður og smjörsteiktur humar sem forréttur, nautalund með ferskum grilluðum aspas, fylltum sveppum og bearnaise. Þessu fylgjandi að sjálfsögðu vín sem passa við hvern rétt, frönsk súkkulaðikaka með rjóma og tvöfaldur espresso. Þessi samsetning alveg steinliggur fyrir þá sem eiga á hættu að fá þvagsýrugigtarkast, því miður.

Þeir eru ófáir einstaklingarnir sem hafa vaknað upp um miðja nótt við nístandi sársauka, jafnvel brunatilfinningu og geta með engu móti legið kyrrir undir sænginni vegna verkja. Algengast er að fá þvagsýrugigtarkast í lið stórutáar en það getur svo sem verið hvaða liður sem er sem bólgnar upp. Eymslin eru svo mikil að það má varla koma við húðina yfir bólgna liðnum, hvað þá nota hann og stíga í. Algengara er að karlar á miðjum aldri fái slík köst, en konur eftir tíðahvörf er hópur sem ætti mögulega líka að vara sig á humri og nautalund á sama kvöldi.

### Holl fæða og mikil hreyfing

En hvað er það sem gerist við slík köst? Þessir einstaklingar eru ekki með neina gigt í sjálfu sér en fá samt gífurlega bólgu í liði sem getur tekið margar vikur að ganga til baka. Skýringin er margþætt en í grunninn falla út kristallar í þá liði sem bólgna upp í kjölfar þess að þvagsýra safnast upp í líkama viðkomandi. Undir venjulegum kringumstæðum myndast þvagsýra við ákveðin efnaskipti og nýrun sjá um að losa hana út án þess að við finnum mikið fyrir því. Ef nýrun virka ekki sem skyldi eða við framleiðum of mikið af þvagsýru aukast líkurnar á því að fá kast.

Lífsstíll, mataræði og ýmsir sjúkdómar geta ýtt undir þetta ástand, en þar ber einna helst að telja neyslu á dýrapróteinum, fitu, ákveðnum tegundum grænmetis, einföldum kolvetnum, geri, áfengi og þá sérstaklega bjór ásamt reykingum. Þeir sem þjást af háum blóðþrýstingi, sykursýki og svokölluðum lífsstílssjúkdómum auk krabbameina eru í meiri áhættu. Svelti og ofþornun auk vissra lyfja eru einnig áhættuþættir svo það er ýmislegt sem ber að varast.

> Algengara er að karlar á miðjum aldri fái slík köst, en konur eftir tíðahvörf er hópur sem ætti mögulega líka að vara sig á humri og nautalund á sama kvöldi.

Greiningin er fyrst og fremst klínísk hjá þeim sem koma í kasti til læknis og þurfa nauðsynlega á lyfjum að halda til að tækla svæsinn verkinn sem fylgir bólgunni. Yfirleitt er einnig reynt að mæla þvagsýru í blóði og fá staðfestingu. Sumir fá bara einu sinni kast, en flestir fá ítrekað einkenni og þurfa nákvæmar leiðbeiningar um hvað beri að forðast auk þess sem margir fá lyf í forvarnarskyni. Ýmsar leiðir eru færar til að meðhöndla köstin sjálf, en þær byggjast fyrst og fremst á bólgueyðandi og verkjastillandi lyfjum. Hjá velflestum næst mjög viðunandi árangur og ekki verða neinar langtímaafleiðingar, þó er þekkt að fá húðbreytingar, útfellingar í festum og sinum auk þess að geta myndað nýrnasteina.

Það er því almennt mælt með hollu, trefjaríku fæði, ríkulegri neyslu á vatni, draga úr áfengisneyslu og tóbaksnotkun, hreyfa sig reglubundið og draga úr álagi og streitu. Það rímar við hið fornkveðna að halda góðu jafnvægi milli líkama og sálar, en matur er reyndar stór þáttur í því.

# Við græðum á því

UTANRÍKISMÁL
Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra



Íslendingar eru eina Evrópuþjóðin, sem hagnaðist fjárhagslega á hörmungum síðari heimsstyrjaldarinnar. Þegar önnur þjóðríki í Evrópu voru í rústum og sum gjaldþrota vegna afleiðinga styrjaldarátakanna höfðu Íslendingar eignast sjóði og gátu fyrir þeirra tilstilli hafið endurnýjun á fiskiskipaflota sínum og efnt til framkvæmda, sem önnur Evrópuríki áttu engan kost á að efna til fyrr en mörgum árum síðar.

Þegar Bandaríki Norður-Ameríku ákváðu að leggja Evrópuríkjunum, sem í rústum voru, lið til uppbyggingar innviða og atvinnulífs græddum við Íslendingar líka á því. Þrátt fyrir að vera eina Evrópuríkið, sem beinlínis hagnaðist á átökum síðari heimsstyrjaldarinnar, hlaut Ísland samt sem áður hlutfallslega mesta bandaríska aðstoð allra Evrópuríkja. Við græddum sum sé líka allra Evrópuríkja mest á því þegar átökum síðari heimsstyrjaldarinnar lauk.

### Græddum líka á því

Þegar átök kalda stríðsins svo leystu af átök heimsstyrjaldarinnar síðari græddu Íslendingar líka á því. Önnur ríki tóku að sér að ábyrgjast landvarnir og sjálfstæði landsins og báru af því allan kostnað – Íslendingar engan. Bandaríska herstöðin í Keflavík skapaði útvöldum fyrirtækjum með pólitísk tengsl stórgróða, varð jafnframt einhver stærsti vinnustaður Íslendinga ef ekki sá allra stærsti og lagði grunninn að öflugu mannlífi á Suðurnesjum. Samband okkar við Bandaríkin vegna átaka kalda stríðsins skóp okkur líka önnur ómetanleg tekjutækifæri – t.d. mjög eftirsótt og ekki auðfengin lendingarleyfi fyrir íslenskar flugvélar í Bandaríkjunum sem lögðu grundvöllinn að stórsókn íslenskra flugfélaga í loftferðaflutningum yfir Atlantshafið til mikils fjárhagslegs ábata fyrir samfélagið. Þá urðu samskiptin við Bandaríkin vegna átaka kalda stríðsins enn fremur til þess að íslensk stjórnvöld töldu sig geta sótt stuðning til bandarískra stjórnvalda nánast hvenær sem var til hvers sem var gegn hótunum um brottvísun hersins. Einhvern tíma kemur vonandi að því, að þessi stuðningskrafa Íslendinga á hendur bandarískum stjórnvöldum gegn hótunum fæst viðurkennd sem veigamikil skýring á sigri Íslendinga í landhelgisdeilunum, sem ávallt hefur verið litið á sem hálfgildings hernaðarsigur íslensku strandgæslunnar einnar og óstuddrar gegn breska sjóveldinu. Þannig græddum við Íslendingar líka á kalda stríðinu – líklegast einir þjóða.

### Græðum við eitthvað á því?

„Græðum við eitthvað á því?“ Þarf nokkurn að undra þótt sú spurning standi ofarlega í hugum þjóðfélagsþegnanna þegar hliðsjón er höfð af þessari söguframvindu. „Græðum við eitthvað á norrænni samvinnu?“ var fyrsta spurning sem ég fékk frá fréttamanni þegar ég tók við formennsku norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tuttugu árum. Græðum við eitthvað á þróunaraðstoð?“ var ein af fyrstu spurningunum sem ég fékk þegar ég tók við framkvæmdastjórastarfi hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands fyrir fjórtán árum. Og nú gefst okkur aftur tækifæri til þess „að græða á því“.

> ➜ **Mestur er ávinningur okkar þó í því að geta á sama tíma bæði átt kökuna og étið hana. Bæði mótmælt áfram framferði Rússa í Úkraínu og hagnast áfram á því að fá einir Evrópuþjóða að selja þeim fisk.**

### Að eiga köku og éta

Átökin milli Rússa og vestrænna þjóða vegna Úkraínumálsins hafa orðið til þess, að Rússar hafa bannað innflutning á öllum matvælum frá flestum vestrænum þjóðum – nema Íslendingum. Og þá strax fóru menn auðvitað að velta því fyrir sér hversu marga milljarðatugi Íslendingar gætu grætt á því. Jafnhliða því sem fiskútflytjendur hófu að telja þær tekjur í tugum milljarða, sem væntanlega munu bætast í budduna, lýstu þeir áhyggjum af því, að við kynnum að tapa á öðrum mörkuðum þegar fiskur sá, sem öðrum þjóðum verður bannað að selja Rússum, færi að leita þangað. Þannig munu Íslendingar halda áfram að hagnast á átökum þjóða. Mestur yrði þó hagnaðurinn ef viðskiptabönn yrðu upp tekin gagnvart öllum nema Íslendingum á öðrum mörkuðum líka þangað sem við seljum afurðir. Ef átökin næðu líka þangað. Mestur er ávinningur okkar þó í því að geta á sama tíma bæði átt kökuna og étið hana. Bæði mótmælt áfram framferði Rússa í Úkraínu og hagnast áfram á því að fá einir Evrópuþjóða að selja þeim fisk. Svo er sagt að ekki sé bæði hægt eð éta köku og eiga hana. Það er víst hægt. Það getum við!




FORRITUNAR-BRAUT NTV

Diplómanám og skýjaforritun

Til að mæta mikilli eftirspurn eftir forriturum sem hafa kunnáttu í fram- og bakendaforritun fyrir skýjalausnir höfum við þróað nýja námsbraut sem byrjar í haust.

Námið býr nemendur undir alþjóðleg próf.

Hægt er að taka námsbrautina með vinnu þar sem um kvöld- og helgarnám er að ræða.

- Helstu námsgreinar

Fyrri önn:

Grunnur og inngangur að forritun - 36 stundir
Bakendaforritun skýjalausna - 44 stundir
Framendaforritun skýjalausna - 60 stundir
Lokaverkefni - 20 stundir

Seinni önn:

Viðmótshönnun - 12 stundir
Gagnagrunnsfræði - 36 stundir
Forritun með C# - 66 stundir
Gluggaforritun / APP-forritun - 60 stundir
Gagnagrunnsforritun - 36 stundir
Lokaverkefni - 36 stundir

- Lengd námskeiðs:

2 annir - 406 kennslustundir - kennt þrisvar í viku

- Verð:

599.000 kr. (allt innif.) - hægt er að dreifa greiðslum

- Næsta námskeið:

Kvöldnámskeið hefst 1. sept. og lýkur 28. maí 2015

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv

BOSCH

# Nú eru tilboðsdagar hjá okkur í fullum gangi.

Bosch-heimilistæki, borðbúnaður og gjafavara. Líttu inn og gerðu góðu kaup.





BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 | 520 3090 | www.bosch.is

# Um femínisma og félagsvísindi

KVENRÉTTINDI



**Björg Árnadóttir**
sjálfstætt starfandi í Reykjavíkur Akademíunni

Eva Hauksdóttir er snjall penni sem ég er stundum sammála, en þegar hún skrifar annars vegar um félagsvísindi og hins vegar femínisma get ég ekki tekið undir orð hennar. Ég ætla ekki að rekja hvað það er í skrifum Evu sem ég er ósammála enda erum við svo heppin að hérlendis er öllum frjálst að hafa sínar skoðanir. Mig langar hins vegar að gera örstutta grein fyrir því hvernig ég lít á femínisma og félagsvísindi, sem eru í mínum huga nátengd.

Ég tók svo sem þátt í því að gera grín að félagsvísindum og rannsóknarefnum þeirra. Það var áður en ég kynntist þeim innan frá. Hér áður fyrr vissi ég heldur ekki hvort ég ætti að álíta mig vera jafnréttissinna eða femínista. Ég taldi að sjálfsögðu að konur og karlar ættu að hafa sama rétt en þar sem verkaskipting var nokkuð jöfn á mínu heimili hélt ég að stutt væri í fullkomið jafnrétti í heiminum öllum. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og reynsluheimur minn þanist út. Nú kalla ég mig stolt femínista og skil nú markmið og aðferðir félagsvísinda.

Félagsvísindi skýra hegðun einstaklinga, hópa og samfélaga og samskipti fólks. Í raun fjalla þau afar mikið um völd enda eru völd sterkt afl, ekki eingöngu í stjórnmálum heldur líka í einkalífi. Þegar flett er ofan af eðli og birtingarmynd valdbeitingar fá þeir kúguðu tæki til að verja sig. Fólk er ekki bara kúgað úti í hinum stóra heimi heldur gengur það um mitt á meðal okkar, já, kannski erum við öll á einhvern hátt kúguð. Ég tel að félagsvísindin hafi hjálpað fólki að koma auga á misrétti sem það sjálft og aðrir eru beittir. Að sjálfsögðu eru ekki allar rannsóknir félagsvísindanna jafn merkilegar fremur en annarra vísinda, en hér eins og annars staðar þarf hágróðurinn botngróður til að þrífast. Merkileg rannsókn verður ekki til án samhengis.

Allar þessar rannsóknir mynda vef þekkingar sem almenningur nýtir sér, þekkingar sem greinir samfélag okkar frá miðaldasamfélaginu. Að mínu mati gerir sú þekking sem við nú búum yfir um samskipti fólks okkur betur kleift að koma auga á misrétti sem við sjálf og aðrir verða fyrir – og berjast gegn því. Það gerum við með ólíkum aðferðum; sumir taka líf og aðrir fórna lífi, menn stunda dólgslegan aktívisma eða taka þátt í friðsamlegum gleðigöngum, menn leita til dómstóla eða skrifa á samfélagsmiðla og menn tala við trúnaðarvini. Og svo eru þeir sem eygja engar leiðir og þjást í einsemd.

Femínismi er ein leið til að verjast valdbeitingu. Jafnrétti snýst nefnilega ekki um uppvask heldur valddreifingu á heimili og í heiminum. Á meðan karlar hafa meiri völd en konur þurfum við femínisma af því að misskipting valda er hættuleg. Á meðan misrétti er ríkjandi þarf að berjast gegn því, misrétti sem bitnar á konum, körlum, börnum, fólki með aðra kynhneigð og kyngervi, fötluðum, sjúkum og fólki af ólíkum uppruna. Á meðan við fögnum ekki fjölbreytileikanum af heilum hug og á öllum sviðum þarf að berjast.

**➔ Femínismi er ein leið til að verjast valdbeitingu. Jafnrétti snýst nefnilega ekki um uppvask heldur valddreifingu á heimili og í heiminum.**

Ástæða þess að ég er nú stoltur femínisti er sú að ég sé ekki femínisma lengur sem þrönga jafnréttisbaráttu kynjanna. Femínismi er miklu meira. Undir merkjum femínisma finnst mér ég geta barist gegn hvers kyns óréttlæti. Merking orða er alltaf að taka breytingum. Í iðnbyltingunni þýddi franska orðið sabotage að verkamenn settu skóinn sinn í vélarnar til að fá hvíld. Nú er það notað almennt um skemmdarverk. Orðið rasismi þýðir samkvæmt Sameinuðu þjóðunum ekki lengur hatur á kynþáttum heldur hatur á ákveðnum uppruna og trúarbrögðum. Og femínismi hefur í hugum margra kvenna og karla orðið safnheiti margs konar réttindabaráttu. Vinur minn, tyrkneskur náttúruverndarsinni, segir: „Ástæða þess að ég valdi að berjast fyrir náttúruna en ekki fyrir mannréttindum er sú að náttúran berst ekki gegn því að ég berjist í hennar nafni.“ Það getur verið erfitt að berjast fyrir réttindum fólks af því að fólk vill ekki alltaf þessa baráttu eða líkar ekki baráttuaðferðirnar. En það er efni í annan pistil.

# Það sofa ekki öll börn á nóttunni

HEILBRIGÐISMÁL



**Þuríður Jónsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og móðir stúlku með SMS

Fáir hafa heyrt um Smith-Magenis-heilkenni (SMS) og þekkja einkenni þess.

Heilkennið er vegna litningagalla. Gallinn felst í úrfellingu á 17. litningi, það vantar örlítið brot á litninginn. Heilkennið hefur mörg alvarleg og víðtæk einkenni. Enginn er með þau öll en þó eru nokkur einkenni algild. Þau eru svefnvandamál, hegðunarvandamál, þroskahömlun og útlitseinkenni.

Svefnvandamálið lýsir sér í miklum svefntruflunum, börn vakna oft á hverri nóttu og eru yfirleitt alveg vöknuð um fimm leytið á morgnana. Að sama skapi er mikil dagsyfja og sofna þau mjög auðveldlega að deginum og oft í sérkennilegum aðstæðum. Ekki er óalgengt að þau sofni ofan í diskinn sinn á matmálstímum. Einstaklingar með Smith-Magenis-heilkenni stríða við svefnvandamál alla ævi.

## Hafa mikla kímnigáfu

Hegðunarvandamálin eru áberandi og mjög erfið, sérstaklega mikil og ófyrirsjáanleg skapofsaköst (bræðiköst). Í þessum skapofsaköstum geta þau skaðað sig sjálf og aðra og skemmt hluti í kringum sig. Oft bíta þau sig í hendurnar, berja höfðinu í gólf eða veggi og stappa með tánum í gólfið.

Allir sem hafa Smith-Magenis-heilkenni eru með þroskaskerðingu

Útlitið er einkennandi; þykkar kinnar, djúpstæð augu, flöt nefrót og niðursveigður munnur, litlar hendur og smáir fætur. Með aldrinum verða augabrúnirnar þykkari og oft samvaxnar og andlitið breiðara. Kjálkarnir verða áberandi og ekki í réttu hlutfalli við efra andlitið.

Þessir einstaklingar hafa mikla kímnigáfu og eru aðlaðandi persónur.

Sem ungbörn eru börn með Smith-Magenis-heilkenni oftast auðveld í meðförum og krefjast lítils af þeim sem annast þau. Þau eru slöpp og hafa lága vöðvaspennu. Þau eru sein og byrja oft ekki að ganga fyrr en um tveggja og hálfs árs aldur. Börnin eru ánægð með að liggja eða sitja og horfa. Þau leika sér lítið. Flest byrja börnin ekki að tala fyrr en um 4–5 ára aldur en þau geta nýtt sér tákn með tali vel.

## Vangreint heilkenni

Þetta er ekki tæmandi listi en þetta eru þau einkenni sem eru mest lýsandi fyrir þetta heilkenni.

Til að greina einstaklinga með Smith-Magenis-heilkenni (SMS) dugar ekki einfalt litningapróf heldur þarf sérhæft próf þar sem sérstaklega er verið að leita eftir þessum galla. Þess vegna er heilkennið mjög vangreint en reiknuð tíðni er talin vera 1/25.000. Á Íslandi hafa einungis þrír einstaklingar verið greindir með Smith-Magenis-heilkenni og er þekking í þjóðfélaginu á því mjög lítil.

**➔ Þessir einstaklingar hafa mikla kímnigáfu og eru aðlaðandi persónur.**

17. nóvember sl. var stofnað félag áhugafólks um Smith-Magenis-heilkenni (SMS) og er markmið félagsins að gæta hagsmuna einstaklinga með SMS og aðstandenda þeirra. Einnig leggur félagið ríka áherslu á að finna þá einstaklinga sem enn hafa ekki fengið rétta greiningu.

Ef þú þekkir einhvern með einhver af þessum einkennum og/eða óskar eftir nánari upplýsingum um heilkennið er þér velkomið að hafa samband á netfangið smsfelag@gmail.com. Einnig má finna mjög góðar upplýsingar á www.prisms.org

## FACEBOOK

**Eiður Guðnason**
fyrrverandi sendiherra



**Mánudagur 11. ágúst**

1. Ég hef aldrei séð hjólreiðamann gefa stefnumerki, gefa til kynna að hann ætlaði að beygja. Aldrei.
2. Hef heldur aldrei upplifað að hjólreiðamaður léti vita af sér, hringdi bjöllu, þegar hann þýtur fram úr manni á 40-50 km hraða á óskiptum göngustíg. Aldrei.

**Ragna Ingólfsdóttir**
badmintonhetja og ólympíufari



**Mánudagur 11. ágúst**

Attention: Hvar fæ ég íslenska fánann, veifu? Litla veifu helst, eða bara venjulega stærð. Veit einhver?

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## VISSIR ÞÚ

**Að þú brennir meiri fitu í svefni en við að sitja og horfa á sjónvarpið? Að meðalmaður borðar 27.000 kíló á meðalævi? Það samsvarar þyngd sex fullvaxinna fíla.**


SÓFAR
Í ÖLLUM STÆRÐUM



frá 261.730 kr.
Verð áður 373.900 kr.

30% AFSLÁTTUR
af öllum sófum / sófasettum
*Í VÖLDUM ÁKLÆÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Lyon
Hornsófar 2H2 frá 240.730kr. verð áður 343.900
Sófasett 3+1+1 frá 265.230kr. verð áður 378.900

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



Torino
Verðdæmi:
Tungusófar 2+tunga frá 180.530kr. verð áður 257.900
Hornsófar 2H2 frá 233.730kr. verð áður 333.900
Sófasett 3+1+1 frá 260.330kr. verð áður 371.900



Basel
frá 127.330 kr.
Verð áður 181.00 kr.



Dallas
frá 199.430 kr.
Verð áður 284.900 kr.

Verið velkomin í heimsókn!
Opið virka daga kl.10-18

Patti HÚSGÖGN

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is




## KOMA JAFNVÆGI Á HORMÓNABÚSKAPINN

Nýjar rannsóknir sýna að próbíótískir gerlar geta átt þátt í að minnka kviðfitu.

# BUMBUNA BURT

**GENGUR VEL KYNNIR** *Borðaðir þú mikið af grillmat í sumar? Nýjar rannsóknir sýna fylgni milli inntöku próbíótískra gerla og minnkaðrar kviðfitu.*

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur hundruð mismunandi tegunda gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, kaffidrykkju og margra annarra orsaka í umhverfi okkar. Próbíótísku gerlarnir losa okkur við slæmu bakteríurnar og koma á nauðsynlegu jafnvægi í þörmunum. Nú hefur komið í ljós að þessir vinveittu gerlar geta líka hjálpað til við að minnka kviðfitu.

**UNDRAVERÐUR ÁRANGUR**

Nýleg rannsókn (sjá: www.consumerlab.com) á japönskum karlmönnum, sem allir voru of þungir, sýndi að með því að gefa þeim stóra skammta af próbíótískum gerlum í 12 vikur minnkaði kviðfitan um 4,6%.

**GETA MINNKAÐ HUNGURTILFINNINGU**

Virkni próbíótískra gerla felst m.a. í því að þeir koma jafnvægi á hormónabúskap okkar. Þegar þarmagerlarnir eru í jafnvægi senda þeir „eðlileg" skilaboð upp í heila um hvort við séum södd eða svöng en ef ójafnvægis gætir á hormónunum geta skilaboðin brenglast með þeim afleiðingum að við finnum fyrir hungurtilfinningu án þess að vera í raun svöng. Heilbrigð þarmaflóra minnkar einnig upptöku kolvetna í smáþörmunum, sem annars breytast í kviðfitu, með því að hreinlega éta þessi kolvetni.

**SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR**

Prógastró DD+3 eru bæði gall- og sýruþolnir ásamt því að vera einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag.

## ÚTSÖLUSTAÐIR

**FLEST APÓTEK, HEILSUBÚÐIR OG HEILSUHILLUR STÓRMARKAÐA OG VERSLANA. NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.GENGURVEL.IS**







STÓRA skólablaðið

Stóra skólablaðið kemur út með Fréttablaðinu 14. ágúst.
Blaðið mun fjalla um allt sem viðkemur skóla á öllum skólastigum.

Meðal efnis verður:
- Skólar
- Nýjar námsleiðir
- Námskeið
- Námstækni
- Bækur
- Skólatöskur, skriffǫng og annað skóladót
- Fartölvur og annar tækjabúnaður
- Skólaföt
- Og margt margt fleira

Áhugasamir um auglýsingar í blaðið vinsamlegast hafið samband við

Kolbeinn Kolbeinsson
Sími: 512 5447
Sími: 663 4555
kolli@365.is

Bryndís Hauksdóttir
Sími: 512 5434
GSM: 695 4999
bryndish@365.is




BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770





**SIRKUSSTEMMING** Auglýsingaskilti Tívolí-tónleika Stuðmanna sem fram fara í Hörpu hafa vakið athygli en á þeim eru hljómsveitarmeðlimir útfærðir sem sirkusfólk.
Tónleikarnir byggjast á annarri breiðskífu hljómsveitarinnar, Tívolí, sem kom út árið 1976.
Tvennir tónleikar fara fram í Hörpu þann 6. september.
Uppselt er á fyrri tónleikana en miðasala hefst á þá seinni á hádegi í dag.

# FRÍKSJÓ Í HÖRPU

**TÓNLEIKAR** *Egill Ólafsson og Ragnhildur Gísladóttir birtast sem skrautlegt sirkusfólk ásamt öðrum meðlimum Stuðmanna á veggspjöldum fyrir Tívolí-tónleika hljómsveitarinnar sem fram fara í Hörpu þann 6. september.*

Mér skilst að það eigi að vera örlítið myrk stemming yfir tónleikunum, aðeins drungalegra en í venjulegum sirkus. Við lékum okkur að því búa til karaktera og stilla upp eins og atriði á „fríksjói“,“ segir Hrafn Gunnarsson, hönnuður á Brandenburg-auglýsingastofu, en hann og Þorvaldur Sævar Gunnarsson hafa útfært Stuðmenn sem skrautlegt sirkusfólk á veggspjöldum fyrir tónleika hljómsveitarinnar sem fram fara í Hörpu í september.

Tónleikarnir eru byggðir á plötunni Tívolí sem kom út árið 1976 og lögðust Hrafn og Þorvaldur yfir gamla Tívolí-plötuumslagið og yfir auglýsingar ameríska sirkussins Ringling Bros. and Barnum & Bailey Circus, sem stofnaður var árið 1919, til að fanga réttu stemminguna.

„Á gamla plötuumslaginu er vísað í gamalt Tívolí sem var í Vatnsmýrinni og á henni voru hljómsveitarmeðlimir með nöfn. Við fundum upp ný nöfn og bjuggum til karaktera í stíl. Það var mjög skemmtilegt að vinna þetta. Stuðmenn fylgdust vel með enda vill fólk oft fá að gúddera hvernig það er teiknað, en það urðu aldrei neinir árekstrar,“ segir Hrafn og þvertekur fyrir að það hafi verið stressandi að vinna fyrir svo fræga hljómsveit. „Þetta eru allt svo mikil ljúfmenni,“ segir hann.

Jakob Frímann Magnússon ber enda mikið lof á vinnu þeirra félaga. Veggspjöldin hafi vakið verðskuldaða athygli.

„Það verður að segja þeim Hrafni og Dodda til hróss að þeir tóku þessa áskorun alvarlega og risu undir öllum væntingum. Slógu í raun nýjan tón í verkefnið sem í er falin áskorun til okkar Stuðmanna, um að rísa undir þeim væntingum sem veggspjöldin hafa vakið. Þau gefa hugmynd um ansi litríka og spennandi hljómleikaupplifun,“ segir Jakob. „Við munum einbeita okkur að því að láta tónlistina hljóma betur en nokkru sinni fyrr. Æfingar hófust í maí og eru komnar aftur af stað eftir stutt hlé í sumar,“ segir Jakob.

„Það er mjög gaman hjá okkur núna, eins og alltaf þegar þessi hópur kemur saman. Það er dásamlegt að dvelja með þessum trausta hópi skólafélaga og vina úr æsku, að eiga þá að í gegnum lífið.“

Benedikt Erlingsson og Ingi Beck munu útfæra sviðsmynd Tívolí-tónleikanna í Hörpu en tónleikarnir fara fram þann 6. september. Öll sirkusbrögð verða þó látin eiga sig, segir Jakob. „Við hættum ekki lífi og limum, við viljum að allir verði „fyr og flamme“ um ókomin ár.“




**Pana Chocolate**
Súkkulaði sem er gott fyrir þig...



- Náttúruleg ofurfæða
- Enginn unninn sykur!
- Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna
- Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni

Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað

Inniheldur lífrænt kakó sem er með mikið magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.



IceCare
Þín heilsa
www.icecare.is - Netverslun

**Útsölustaðir:**
Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

## VEITIR VÖRN GEGN SÓLAREXEMI

Perfect Tan eykur líkurnar á fallegri húðlit í sól. Þegar sólin skín á húðina þá örvast melanínfrumurnar í húðinni. Perfect Tan veitir vörn gegn öldrun og styrkir húðina í sól.




# FALLEGRI HÚÐLITUR Á SKEMMRI TÍMA OG SÓLAREXEMIÐ FARIÐ

**ICECARE KYNNIR** *Eftir að Maja prófaði Skin Care™ Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagt fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem og vanlíðan vegna þess.*

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsuvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð,“ segir hún. „Fríin mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæm af sólarexeminu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn,“ segir Maja.




**PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA**

„Ég var mjög spennt fyrir því að sjá hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríið hófst. Ferðin var yndisleg og Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplifði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðin fastur viðskiptavinur Perfect Tan.

Perfect Tan inniheldur mandarínuextrakt og mandarínuolíu, pomeló-extrakt, kapers-extrakt, svartan pipar, kopar og C-vítamín.

Öll innihaldsefnin eru náttúruleg og hafa verið þurrkuð og meðhöndluð á þann máta að virku efnin varðveitast mun betur.

- **Sólartafla sem hentar öllum**
- **Veitir vörn gegn sólarexemi**
- **Styrkir húðina í sól**
- **Vörn gegn öldrun**
- **Veitir eðlilegan húðlit í sól**


**LOKSINS LAUSN** Maja er loksins laus við sólarexem.

Takið tvær töflur á dag í fjórar vikur áður en farið er í sól. Perfect Tan eykur líkurnar á fallegri húðlit í sól. Þegar sólin skín á húðina þá örvast melanínfrumurnar í húðinni.

***Skin Care Perfect Tan fæst í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og öllum heilsuverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasíðu umboðsaðilans www.icecare.is***

***Viljir þú spyrja einhvers, hafðu þá samband við starfsfólk Ice á icecare@icecare.is***

## VIRKAR VEL

„Perfect Tan virkaði frábærlega fyrir mig. Mér hefur oft verið hrósað fyrir hvað ég er sólbrún eftir að ég fór að nota það en áður fékk ég yfirleitt ekki lit.“

# MELTINGIN Í LAG

*Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.*

Ég er með mjólkuróþol og var mjög oft með magaverki,“ segir Andrea Óskarsdóttir. „Ég var slæm í maganum, með uppþembu og einnig fékk ég oft ristilkrampa. Mér finnst Bio-Kult Candéa hafa hjálpað mér töluvert, mér líður betur í maganum, ég er minna uppþembd og hef ekki fengið ristilkrampa frá því að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa. Mér líður almennt betur, meltingin er komin í jafnvægi og ég er ánægð með hvernig mér líður núna í maganum,“ segir Andrea.

**HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI**

Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan. Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pirringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum. Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið. Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilshugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir.

*Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Sjá upplýsingar á*





**LÍÐUR BETUR** Andrea Óskarsdóttir segist hafa fengið bata eftir að hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa.


**ÁNÆGÐ** Alma Lilja Ævarsdóttir er afar ánægð með Bio-Kult Candéa, enda hefur líðan hennar breyst mikið til batnaðar eftir að hún fór að taka inn Bio-Kult Candéa.








**FÓTBOLTI** Vaxtarverkir geta dregið úr áhuga ungmenna á að stunda íþróttir.

# VAXTARVERKIR SKERÐA LÍFSGÆÐI

**HEILSA UNGMENNA** *Mörg ungmenni kvarta sáran yfir ýmsum verkjum hér og þar um líkamann. Fullorðna fólkið segir að það þýði ekkert að kvarta, þetta séu vaxtarverkir.*



**ALGENGT** Þriðja hvert ungmenni á aldrinum 12 til 19 ára hefur vandamál vegna verkja í hnjám.

Flestir þekkja vaxtarverkina. Sumir þurfa að þola þá árum saman en fá alltaf sama svarið; vaxtarverkir – ekkert við þessu að gera. Algengast er að verkirnir séu í lærum, kálfum og hnjám. Nú sýnir dönsk rannsókn sem gerð var á þrjú þúsund ungmennum að verkirnir geta haldið áfram langt fram eftir aldri. Sérstaklega á það við um verki í hnjám. Verkirnir geta verið svo vondir að þeir há þessum ungmennum í íþróttum og skerða lífsgæði þeirra.

## ALGENGT VANDAMÁL

„Þriðja hvert ungmenni á aldrinum 12 til 19 ára hefur vandamál vegna verkja í hnjám," segir Michael Skovdal Rathleff hjá háskólanum í Árósum, en þar fór rannsóknin fram. „Þegar ungmennin voru spurð aftur eftir tvö ár var meira en helmingur þeirra enn með verki. Ljóst er því að vaxtarverkirnir ganga ekki endilega hratt yfir." Það er norski vefmiðillinn VG sem greinir frá þessu.

Rannsóknin bendir til þess að verkir í hnjám, kálfum og lærum geti verið meira vandamál hjá ungu fólki en áður var talið. Þá er bent á að enginn ætti að búa við endalausan sársauka og þess vegna gæti þurft að meðhöndla þessa verki til að koma í veg fyrir langvarandi skert lífsgæði.

## ÞURFA MEÐFERÐ

Það versta sem gerist er að unglingarnir hætta í íþróttum, til dæmis fótbolta, vegna sársauka í hné. „Það er mjög slæmt ef þau hætta öllum íþróttaæfingum því það getur verið erfitt að byrja aftur," segir Rathleff sem er sjúkraþjálfari.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt að um þriðji hver fullorðinn einstaklingur í Danmörku á í erfiðleikum vegna verkja í hné. Talið er að slitgigt í hnjám hjá fullorðnum geti verið afleiðing verkja á unglingsárum, að því er vísindamenn telja.

Góðu fréttirnar eru þær að samkvæmt dönskum rannsóknum er hægt að hjálpa unglingum með vaxtarverki með réttri meðhöndlun. „Það gæti verið lausn að heimilislæknar og sjúkraþjálfarar væru í meira samstarfi um að setja ungmennin í rétta meðferð," segir Rathleff. Unglingar sem eru með vaxtarverki ættu því að leita til sjúkraþjálfara til að finna lausn á vaxtarverkjunum.

# ÚTSALA




## AFSLÁTTUR
## af öllum teppum







*Persía*

**Opið kl. 11-18 • laugardaga kl. 11-16 • www.persia.is**
**TEPPAGALLERÍ • Bæjarlind 16 • Sími 568 6999**

FRUM - www.frum.is

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu 5-6 herb. hæð í tvílyftu einb. húsi á góðum stað í smáíbúðahv.108. Mögul. á bílg. Laus 1.sept. Langtímaleiga. S. 553-7768

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**

óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum, 100% starf. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com**

**KÖKUHORNIÐ**

óskum eftir duglegum og ábyrgum starfskrafti á tvískiptar vaktir í verslun okkar í Kópavogi. Helgarvinna eftir samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum og sé 20 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði.

**Um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sækið um á: kokuhornid@kokuhornid.is**

Jói Fel

**BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL. FRAMTÍÐARSTÖRF**

Óskum eftir að ráða fólk til afgreiðslustarfa. Tvískiptar vaktir. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

**Vinsamlega hafið samband Linda 863-7579 eða linda@joifel.is**

Fiskikóngurinn

**FISKIKÓNGURINN SOGAVEGI 3,**

óskar eftir skólafólki/starfsfólki til hlutastarfa virka daga frá klukkan 15-19 og á laugardögum frá 9-16. Íslenskumælandi, sérstaklega þjónustulundað. kurteist, reglusamt og skemmtilegt fólk kemur aðeins til greina.

**Umsóknir sendist kristjan@fiskikongurinn.is ásamt ferilskrá og nokkrum orðum um ykkur. Öllum umsóknum verður svarað.**

**LEBOWSKI BAR**

óskar eftir að fólki til að grilla góða hamborgara í allan vetur. Reynsla úr eldhúsi er kostur. Það eru 4 stöður í boði. Umsóknarfrestur er til 15.ágúst. Umsóknir skulu sendast á arnar@lebowskibar.is

Hressan starfskraft vantar á daginn alla virka daga frá 11-13:30 og kvöldin 18-20 í afgreiðslu. Pizza King í Skipholti 70.Uppl. í s: 864 7318.

Fiskikóngurinn

**FISKIKÓNGURINN SOGAVEGI 3,**

100% starf. Íslenskumælandi, kurteis, þjónustulundaður, reglusamur og sérstaklega skemmtilegur starfsmaður óskast til starfa í fiskverslun okkar Sogvegi 3.

**Umsóknir sendist til kristjan@fiskikongurinn.is (merkt 100% starf)**

**SKALLI ÖGURHVARFI**

leitar að duglegu fólki í fullt starf, dagvinna og vaktavinna í boði, góð laun fyrir réttu manneskjuna. Upplýsingar á staðnum.

Skalli Ögurhvarfi pilnie poszukuje osób do pracy w kuchni, dobre wynagrodzenie dla odpowiedniej osoby. 100% job skalli1@simnet.is

Wilson's PIZZA

**WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:**

Pizzabakara - Pizzasendlum - Símsvörun og í afgreiðslu í lúgu (Drive in Vesturlandsvegi) -

**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á netfangið: atvinna@wilsons.is**

Restaurant looking for employees We are looking for people to work in kitchen, with experience. We are located downtown Reykjavík, please give us a call, 7818874, after 12 pm.

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 og 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 13:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn eða frá 7:00 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

## útboð

# ÚTBOÐ

Olíudreifing

Skeljungur

**Örfirisey olíubirgðastöð.**

**Olíudreifing ehf og Skeljungur hf óska eftir tilboðum í „Skiptingu bensín- og etanólþróar" í olíubirgðastöð í Örfirisey í Reykjavík.**

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Jarðvinna vegna þróarveggja | 300 m |
| Lagnaskurðir | 165 m |
| Mótasmíði | 2.000 m2 |
| Bendistál | 37.000 kg |
| Steinsteypa | 440 m3 |

Verki skal lokið eigi síðar en **10. desember 2014.** Útboðsgögn verða send í tölvupósti til verktaka. Senda skal tölvupóst á **hjortur@internet.is** til að fá útboðsgögn á rafrænu formi og skal tilboðum skilað á sama netfang eða á skrifstofu Olíudreifingar ehf Hólmaslóð 8, Reykjavík.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Olíudreifingar Hólmaslóð 8 í Reykjavík 21. ágúst 2014 kl 11:00.

**Vettvangsskoðun fer fram 15. ágúst kl 11:00.**

viftur.is

Þetta er ekkert flókið. Við eigum viftu fyrir þig.

Við hjá Íshúsinu eigum tæplega 400 útfærslur af viftum og blásurum á lager. Ekki nóg með það heldur eigum við ótrúlegt úrval af aukahlutum. Hvort sem um er að ræða baðherbergi eða vöruhús þá eigum við til viftu.

400 útfærslur af viftum og blásarum

1983 - 2013 30 ára reynsla

íshúsið

s:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata

## fundir / mannfagnaður

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Kynningarfundur um skipulag

Kynningarfundur um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar hvað varðar lóðirnar Strandgata 31-33 verður haldinn í Hafnarborg **fimmtudaginn 14. ágúst kl. 17.**

***Skipulags- og byggingarfulltrúi.***

Skipulagsstofnun

### Landsskipulagsstefna 2015-2026

**Kynningar– og samráðsfundur**

Á fundinum verður kynnt greining faghópa Skipulagsstofnunar á mögulegum valkostum Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og leitað eftir ábendingum og sjónarmiðum um þá.

Fundurinn verður haldinn 15. ágúst næstkomandi á Hótel Reykjavík Natura. Fundurinn er opinn öllum, þeir sem vilja taka þátt eru beðnir að tilkynna það á netfangið landsskipulag@skipulagsstofnun.is.

**Dagskrá**

14.00-14.50 Yfirlit yfir valkostagreiningu og umhverfismat
14.50-16.15 Fyrri kynningar- og umræðulota
16.15-17.40 Seinni kynningar- og umræðulota

Nánari upplýsingar um tilhögun fundar og gögn er að finna á heimasíðu landsskipulagsstefnu landsskipulag.is.

## atvinna

# GAMAN Í VINNUNNI



### NÚ ÞURFUM VIÐ AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM Í ÚTILÍF

Er þjónustulund, jákvæðni, vilji til að læra og gera enn betur á morgun þinn styrkleiki? Þá gætir þú verið rétti starfsmaðurinn fyrir okkur. Við erum einmitt núna að leita að röskum sölumönnum í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að selja vörur í útivista-, skó-, og sportdeild.

### HÆFNISKRÖFUR

- Þjónustulund, dugnaður og jákvæðni
- Áhugi á íþróttum og útivist
- Reynsla af sölustörfum æskileg

### UMSÓKNIR OG FRESTUR

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á utilif@utilif.is merkt „þjónustulund" fyrir 22. ágúst.

**ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTAR**

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavini er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf eru framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

ÁRNASÝNIR

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

## atvinna

# Stay Clean!

**Stay Apartments er framsækið íbúðarhótel með samtals 70 íbúðum í miðbæ Reykjavíkur. Í okkar annars frábæra hóp vantar:**

**ÞERNUR.**
Við getum bætt við okkur þernum í fullt starf ásamt þernum í helgar og auka vaktir. Þau þurfa að vera með góða ensku kunnáttu, vera stundvís og ábyrg. Einnig er kostur að vera með bílpróf.



**Vinsamlegast sendið ferilskrá á halldor@stay.is fyrir mánudaginn 18. ágúst . sjáum hvort þú smell-passir ekki inní annars frábæran hóp hjá Stay**

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Ljárskógar 3 - Reykjavík.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Vel staðsett 210,9 fm. einbýlishús á þremur pöllum með stórri skjólgóðri verönd til suðurs og innbyggðum 38,4 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með arni og útsýni til sjávar og víðar. Sex herbergi. Sjónvarpshol með útgangi á viðarverönd til suðurs. Opið eldhús við stofu. Húsið stendur á 1.067 fm. lóð innst í botnlanga og er stór hellulögð innkeyrsla fyrir framan húsið. **Verð 52,9 millj.** ***Verið velkomin***

### Gautavík 17 - Reykjavík. 3ja herbergja íbúð.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Mjög góð 112,1 fm. 3ja herbergja efri hæð með sér inngangi í Grafarvoginum. Eignin er staðsett í lokuðum botnlanga. Stórar flísalagðar svalir til suðausturs. Tvö rúmgóð herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Mjög stutt í alla þjónustu m.a skóla og leikskóla. Egilshöll er í göngufæri. Sameiginlegur garður í góðri rækt. **Verð 32,5 millj.** ***Verið velkomin.***

### Barðastaðir 9- 4ra herbergja íbúð.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18.00- 18.30**




Falleg 119,6 fm. íbúð að meðt. 12,6 fm. geymslu á 5. hæð í nýlegu sex hæða lyftuhúsi með glæsilegu útsýni. Íbúðin er í dag 3ja herbergja þar sem gert var eitt stórt herbergi úr tveimur en lítið mál að breyta aftur. Vestursvalir út af stofu. Einstakt útsýni yfir flóann og til Esjunnar. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. **Verð 32,9 millj.** Íbúð merkt 0501.
***Verið velkomin.***


STUÐMENN
KYNNA
TÍVOLÍ
UPPSELT kl. 19:30
AUKATÓNLEIKAR kl. 22:30
MIÐASALA HEFST Í DAG kl. 12:00
STUÐMENN Hljómsveit allra landsmanna
á tímalausum tímamótatónleikum byggðum á hinni goðsagnakenndu hljómskífu
TÍVOLÍ
Listviðburður án hljómrænnar hliðstæðu
með fjölleikaívafi, töfrandi sjónhverfingum, söngleikjabrögðum og stuðningi hæfileikafólks af flestum sviðum mannlífsins.
STUÐ Á HEIMSMÆLIKVARÐA
HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS
Miðaverð frá
kr. 4.900
LAU. 6. SEPT.
MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKA HEFST 12. ÁGÚST kl. 12:00

# Hleypur fyrir lamaðan frænda sinn

## Inga Lára Gylfadóttir hleypur í Reykjavíkurmaraþoninu fyrir Ragnar Egilsson.

Síðastliðinn föstudag var stofnað félag sem nefnist Styrktarsjóður Ragnars Egilssonar. Félaginu er ætlað að styðja við bakið á Ragnari Egilssyni sem lamaðist fyrir neðan háls eftir að hafa lent í mótorhjólaslysi rétt fyrir utan Akranes 28. júní síðastliðinn. Ragnar var á gjörgæslu í rúmar fjórar vikur og er enn í öndunarvél. Löng og ströng endurhæfing er framundan hjá honum.

Í fréttatilkynningu frá stjórn sjóðsins segir að fjölskylda hans hafi staðið þétt við bakið á honum. Kostnaður í kringum Ragnar eftir slysið hefur engu að síður verið mikill og því tók ein frænka hans, Inga Lára Gylfadóttir, upp á því að óska eftir því að stofna félagið til að styrkja Ragnar og hans nánasta fólk í því sem koma skal.

Söfnunin hefst formlega í Reykjavíkurmaraþoninu 23. ágúst þar sem Inga Lára mun hlaupa 21 km fyrir frænda sinn. Vonast er eftir góðum viðbrögðum við söfnuninni en reikningsnúmerið er 0186-26-10224. Kennitalan er 480814-0370. -fb



**LAMAÐIST Í MÓTORHJÓLASLYSI** Ragnar Egilsson er enn í öndunarvél eftir að hafa lamast fyrir neðan háls.

---

†



Okkar ástkæra

**BERGRÓS JÓNSDÓTTIR**
**Sléttahrauni 19, Hafnarfirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 5. ágúst. Jarðsett verður frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 13. ágúst kl. 13.00.

**Fjölskyldan.**

---

†



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**DAGBJARTAR GUÐJÓNSDÓTTUR**
**Hrafnistu, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki hjúkrunardeildar 4B á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Hrefna Ólafsdóttir** **Bjarni Þráinsson**
**Lilja Ólafsdóttir**
**Guðjón Ólafsson** **Sigurlaug Hauksdóttir**
**María Gréta Ólafsdóttir** **Viðar Sverrisson**
**og fjölskyldur.**

---

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við útför okkar ástkæra

**HLYNS EGGERTSSONAR**
**Skagabraut 21, Akranesi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk blóðlækningadeildar Landspítalans 11G og starfsfólk göngudeildar. Einnig fær starfsfólk lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness þakkir fyrir góða umönnun og alúð.

**Með kæru þakklæti,**
**Jóhanna Lýðsdóttir**
**Viktoría Hlynsdóttir**
**Sylvía Hlynsdóttir**
**Unnur Leifsdóttir**
**Hrönn Eggertsdóttir**

---

†



Okkar kæri

**PÁLL AXEL HALLDÓRSSON**
**fyrrverandi bóndi í Syðri-Gróf,**

lést á Fossheimum á Selfossi 9. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks Fossheima fyrir einstaklega góða umönnun í veikindum hans.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halla Magnúsdóttir**
**Margrét Pálsdóttir**
**Lilja Pálsdóttir**
**Bjarni Pálsson**
**Magnús Halldór Pálsson**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HELGA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur,**
**Dofraborgum 34, Grafarvogi,**

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Magnús Jónasson**
**Sigurður Bjarni Magnússon** **Geetha Sollie**
**Guðbjartur Jónas Magnússon**
**Gróa Guðrún Magnúsdóttir**
**Magnína Magnúsdóttir**
**Bjarni Magnús Sigurðarson**

---

†



Faðir okkar tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR SIGURJÓNSSON**
**frá Flatey á Skjálfanda,**

lést á Bæjarási, Hveragerði, laugardaginn 2. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Bæjarási fyrir einstaka umhyggju.

**Fyrir hönd aðstandenda, synir hins látna.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGURBORG JÓNSDÓTTIR**
**Kirkjuvegi 5, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 28. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 18. ágúst kl. 13.00. Kærar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem var allt alveg hreint yndislegt.

**Guðrún Markúsdóttir Serafini**
**Jón Tómas Ásmundsson** **Inga Lára Sædal**
**Richard Magnús Elliott** **Dóróthea Róbertsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDA HEIÐRÚN EYJÓLFSDÓTTIR**
**frá Seyðisfirði,**
**áður til heimilis að Framnesvegi 62,**
**Reykjavík,**

sem andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 6. ágúst, verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 13. ágúst kl. 15.00.

**Valgerður Halldórsdóttir** **Helgi H. Steingrímsson**
**Sigríður Halldórsdóttir** **Gylfi Þorkelsson**
**Óli Friðgeir Halldórsson** **María Björk Daðadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁLFHEIÐUR BJARNADÓTTIR**

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 9. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 18. ágúst kl. 13.00.

**Sævar Guðmundsson**
**Sólveig Birna Sigurðardóttir** **Þór Þorgeirsson**
**Ari Eyberg Sævarsson** **Ásta Ósk Hákonardóttir**
**Guðleif Sunna Sævarsdóttir** **Baldvin Hrafnsson**
**Jóhanna Bjarndís Sævarsdóttir** **Rafá Arapinowicz**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Pabbi minn, sonur okkar, bróðir og móðurbróðir,

**BRYNJÓLFUR GARÐARSSON**
**matreiðslumeistari,**
**Flyðrugranda 4, 107 Reykjavík,**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 9. ágúst síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

**Jón Eldar Brynjólfsson**
**Brynhildur Brynjólfsdóttir** **Garðar Valdimarsson**
**Ingibjörg Garðarsdóttir**
**Valdimar Garðarsson**
**Arnór Normann Davíðsson**
**Garðar Normann Davíðsson**
**Elva Björk Normann Davíðsdóttir**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**INGEBORGAR EINARSSON**
**Hæðargarði 35, Reykjavík,**

sem lést 24. júlí síðastliðinn á Landspítala við Hringbraut.

**Kirsten Friðriksdóttir** **Sigurður Ingvarsson**
**Halldór Friðriksson** **Kristrún Pétursdóttir**
**Erlingur Friðriksson** **Valgerður Sigurjónsdóttir**
**Hildur Friðriksdóttir** **Bjarni Halldórsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Okkar elskulegi sonur og bróðir,

**GRÉTAR SVEINN ÞORSTEINSSON**
**Sjávargrund 12b,**
**Garðabæ,**

lést laugardaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 14. ágúst kl. 15.00.

**Þorsteinn Egilson** **Eygló Ólafsdóttir**
**Bára Þorsteinsdóttir** **Brynja Þorsteinsdóttir**

---

†



Elskulegur sonur okkar, faðir, tengdafaðir og afi,

**SVAVAR GUÐNASON**

lést fimmtudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 13. ágúst kl. 15.

**Guðni Þorsteinsson**
**Júlíana G. Ragnarsdóttir**
**Magnea Karen Svavarsdóttir** **Sævar Örn Sæmundsson**
**Daníel Örn Svavarsson** **Hrafnhildur Rósa Guðmundsdóttir**
**Helga Vala Svavarsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Eiginmaður minn,

**LÚÐVÍG BJÖRN ALBERTSSON**
**viðskiptafræðingur,**
**Geitlandi 2, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 8. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristjana Halldórsdóttir**

---

†



Eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**SESSELJA ÞÓRA LÚÐVÍKSDÓTTIR**
**Akurgerði 19, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 13. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Hjörvar Valdimarsson**
**Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Margrét M. Róbertsdóttir** **Hrannar Ólafsson**
**Funi og Bjarmi.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | RÚMFÖT O.FL.

# Vandaðir og þægilegir sófar á ÁGÚSTTILBOÐI

## FLORIDA XL tungusófi



DORMA – býður góða nótt
ÁGÚST TILBOÐ
209.900
FLORIDA XL TUNGUS.

DORMA – býður góða nótt
ÁGÚST TILBOÐ
169.900
FLORIDA TUNGUSÓFI

Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
XL Stærð: 320 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
Slitsterkt dökk grátt áklæði, vinstri eða hægri tunga.

## MONTARIO svefnsófi



DORMA – býður góða nótt
ÁGÚST TILBOÐ
79.200
FULLT VERÐ 99.900

Stærð: 158 x 90 cm.
Slitsterkt svart áklæði.
Dýnustærð 140x200 cm.
Rúmfatageymsla

## RUBEN svefnsófi með tungu



DORMA – býður góða nótt
ÁGÚST TILBOÐ
119.900
FULLT VERÐ 139.900

Stærð: 240 x 160 x 90 cm H: 85 cm.
Slitsterkt grátt áklæði. Rúmfatageymsla í tungu. Svefnsvæði: 140x195 cm.

## EASY hægindastóll með skemli



DORMA – býður góða nótt
ÁGÚST TILBOÐ
59.900
FULLT VERÐ 89.900

## AFTON hægindastóll með skemli



DORMA – býður góða nótt
ÁGÚST TILBOÐ
69.900
FULLT VERÐ 99.900

## TUCSON OG AUGUSTA HEILSU- OG HÆGINDASTÓLAR



TUCSON hægindastóll.
Ekta-leður á slitflötum.

TILBOÐ
TUCSON HÆGINDASTÓLL
84.900
Fullt verð kr. 99.900



4 LITIR

100% Real LEATHER Top Quality

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ KOMDU STRAX



AUGUSTA hægindastóll.
Ekta-leður á slitflötum.

TILBOÐ
AUGUSTA HÆGINDASTÓLL
75.900
Fullt verð kr. 99.900

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði © 456 4566



**VW Golf** TDI Trendline
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 60.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.790.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**VW Golf** TDI Trendline
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 80.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.390.000,-**



**VW Polo** 1.2 Trendl. 5 gíra
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 42.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.990.000,-**



**VW Polo** 1.4 Comfortline
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 133.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.090.000,-**



**VW Polo** 1.4 Comfortl. AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 62.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.190.000,-**



**Opel Corsa**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 155.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.390.000,-**



**Toyota Auris** 1600 SOL
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 123.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.840.000,-**



**Toyota Auris** Sol 1400 MM
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 95.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.150.000,-**



**Toyota Auris** Terra
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 116.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.490.000,-**



**Toyota Yaris** 1000 Terra
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 136.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **850.000,-**



**Toyota Yaris** 1300 Sol
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 150.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **890.000,-**



**Kia Cee'd** EX Sport
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 55.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.890.000,-**



**Toyota Auris** Terra
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 39.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.590.000,-**



**Toyota Auris** Terra
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 38.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.590.000,-**



**Toyota Yaris** 1000 Terra
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 34.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.050.000,-**



**Toyota Auris** Terra
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 160.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.390.000,-**



Tilboð **1.750.000,-**

**Toyota Auris** 1400 Sol MM
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 103.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.150.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

NÝHERJI
Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / nyherji.is/skolatolvur

Græjaðu skólann!
Allt sem námsmaðurinn þarf

Lenovo Yoga 2 13,3"
**Verð: 154.900 kr.**



Spjald- eða fartölvu? Sameinaðu kosti beggja með einni græju.
360

Lenovo G50 15,6"
**Verð: 54.900 kr.**



Stílhrein námstölva á frábæru verði.

Lenovo Yoga 10" HD+
**Verð: 51.990 kr.**



Skærasta stjarnan á svæðinu. Með innbyggðum standi.
18 klst.



**MIKLIR FAGMENN** Hér er Gunnar Hansson höfundur og leikstjóri ásamt Davíð Óskari Ólafssyni leikstjóra í góðum gír. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**„Við ætlum að vekja athygli á myndinni hvar sem við verðum í upptökum og þar af leiðandi vekja athygli á söfnuninni.**

*Davíð Óskar Ólafsson leikstjóri.*



**GLÆSILEG** Ágústa Eva Erlendsdóttir bregður sér í líki útvarpskonu.

# Styrkja gott málefni

Þessa dagana eru tökur á nýrri íslenskri kvikmynd í fullum gangi en hún ber nafnið Bakk. Um leið og tökur fara fram fer einnig fram söfnun til styrktar Umhyggju.

„Í myndinni eru persónurnar að safna fyrir Umhyggju og þegar við funduðum með aðstandendum Umhyggju þá ákváðum við að gera þetta bara í alvörunni líka," segir Davíð Óskar Ólafsson, annar leikstjóra kvikmyndarinnar Bakk, en aðstandendur myndarinnar standa fyrir söfnun fyrir Umhyggju á meðan tökur fara fram.

Myndin segir frá tveimur æskuvinum sem ákveða að bakka hringinn í kringum Ísland til styrktar Umhyggju og í framhaldinu var ákveðið að fara af stað með styrktarherferð þannig að um raunverulega söfnun er að ræða. „Við ætlum að vekja athygli á myndinni hvar sem við verðum í upptökum og þar af leiðandi vekja athygli á söfnuninni. Við vekjum athygli á söfnuninni á Facebook-síðunni okkar og þá erum við líka að láta búa til níuhundruðnúmer fyrir okkur," útskýrir Davíð Óskar. Þá er styrktarreikningurinn einnig á vefsíðu Umhyggju.

Spurður út í af hverju Umhyggja varð fyrir valinu segir Davíð Óskar ástæðuna vera þá að félagið sé rekið með styrkjum og innan þess séu um 20 félög sem tengjast langveikum börnum og málefnið afar verðugt.

Tökur á kvikmyndinni Bakki hófust í síðustu viku og eru í fullum gangi. Í gær var hópurinn staddur í hljóðveri FM 957 þar sem verið var að taka upp atriði. „Í þessu atriði eru aðalpersónur myndarinnar að plögga söfnunina sem fer fram í myndinni á FM 957," bætir Davíð Óskar við. Tökur halda áfram út um allt land í kjölfarið en á meðal tökustaða eru Hellissandur, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði og Vík í Mýrdal. Gert er ráð fyrir að klára upptökur um 10. september. „Tökurnar ganga rosalega vel og þetta er í raun enn skemmtilegra verkefni en við héldum fyrir," segir Davíð Óskar léttur í lund.

gunnarleo@frettabladid.is



**FLOTTUR HÓPUR** Hér sjáum við hluta leikarahópsins í myndinni en hópurinn var í tökum í hljóðveri FM 957 í gær og átti þar góða stund. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hver sveppur hefur sinn keim

Listakokkurinn Gísli Matthías Auðunsson á Slippnum í Vestmannaeyjum lýsir fyrir lesendum hvernig best er að matreiða hverja sveppategund fyrir sig.

Eftir ítarlega umfjöllun Fréttablaðsins um sveppatínslu í síðasta helgarblaði fengum við Gísla Matthías Auðunsson til að fræða lesendur blaðsins um matseld á hverri sveppategund fyrir sig.

Nú í ágústmánuði er tíminn þar sem sveppir eru upp á sitt besta og því ekki úr vegi að kynna sér hvers konar sveppi má tína og halda út í skóg með körfu.

Gísli er ungur listakokkur sem starfar á Slippnum í Vestmannaeyjum og er jafnframt einn eigenda.

**FURUSVEPPI** er einfalt að finna í náttúrunni og tína. Mér finnst mjög gott að þurrka þá og jafnvel gera úr þeim gott sveppakrydd með því að bæta við smá af góðu sjávarsalti (t.d. frá Saltverki) og setja í matvinnsluvél.

**LERKISVEPPIR** eru mjög bragðmiklir og henta einstaklega vel í súpur eða jafnvel góða byggrétti. Frábært er að nota góða íslenska osta með ef gert er til dæmis byggottó.

**KANTARELLUR** eru frábærir sveppir. Rosalega góðir létteldaðir á mjög heitri pönnu með olíu og smá af íslensku smjöri – svo bara kryddað með salti. Hentar rosalega vel með bæði fisk og kjöti.

**KÓNGSSVEPPI** er ekki létt að finna en veisla skal haldin ef það tekst. Algjört hnossgæti grillaðir í heilu og skornir í sneiðar og lagðir í góða ólífuolíu með alveg fullt af ferskum kryddjurtum og kryddað með salti og pipar. - nej



**GÍSLI MATTHÍAS AUÐUNSSON**



**KÓNGSSVEPPUR**



**SAMVINNA** Hljómsveitin Duran Duran er hér ásamt Nile Rodgers og Mark Ronson í hljóðveri í London. MYND/EINKASAFN

# Stjörnur í samstarf á nýjan leik

Nile Rodgers og Mark Ronson aðstoða Duran Duran á væntanlegri plötu sveitarinnar.

Hljómsveitin Duran Duran birti mynd af sér ásamt Nile Rodgers og Mark Ronson á vefsíðu sinni fyrir skömmu og tilkynnti að sveitin væri að vinna að sinni fjórtándu hljóðversplötu með hjálp Rodgers og Ronsons.

Rodgers úr hljómsveitinni Chic ber ábyrgð á mörgum af vinsælustu lögum seinni ára og hefur unnið með tónlistarmönnum á borð við David Bowie, Madonnu og Daft Punk svo nokkrir séu nefndir. Ronson er einnig vel þekktur innan tónlistargeirans og hefur unnið með fólki á borð við Adele, Robbie Williams og Amy Winehouse.

Myndin er tekin í stúdíói sveitarinnar í London, þar sem upptökur fara fram en Rodgers og Ronson eru aðstoðarupptökumenn á plötunni og gera má ráð fyrir að Rodgers leiki einnig inn á hana. Gert er ráð fyrir að nýja platan líti dagsins ljós á næsta ári.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Rodgers aðstoðar Duran Duran, því hann aðstoðaði sveitina árið 1986 og var upptökumaður á plötunni Notorious. Þá kom hann einnig að gerð plötunnar Astronaut sem upptökustjóri. Hann á mikinn þátt í tveimur af þekktustu lögum sveitarinnar, The Reflex og Wild Boys.

Ronson var hins vegar aðstoðarupptökumaður á síðustu plötu hljómsveitarinnar, All You Need Is Now, sem kom út árið 2010.

Fyrr á árinu tilkynnti Duran Duran að fyrrverandi gítarleikari Red Hot Chili Peppers, John Frusciante, væri sveitinni einnig til aðstoðar á nýju plötunni.

- glp


## Aðalfundur Klakka ehf.

### 20. ágúst 2014

Aðalfundur Klakka ehf. verður haldinn miðvikudaginn 20. ágúst 2014 að Ármúla 1, 3. hæð, 108 Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 16:00.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2013.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2013 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Klakka ehf.
7. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl.15:30 á fundarstað.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.
Stjórn Klakka ehf.

Klakki ehf.
Ármúli 1
108 Reykjavík
Sími 550 8600
www.klakki.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

Veldu **notaðan Kia** með **lengri ábyrgð**

KIA The Power to Surprise



**Kia Sportage EX 2,0**
Árg. 2013, ekinn 35 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, dráttarbeisli, þverborgar, filmur, gluggavindhlífar, húddhlíf, eyðsla 6,9 l/100 km.*
**Verð: 5.570.000 kr.**
6 ár eftir af ábyrgð · Hlaðinn aukabúnaði · 4x4
Greiðsla á mánuði
**48.500 kr.****
** M.v. 54% innborgun og 72 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,19%.



**Kia cee'd EX 1,6**
Árg. 2013, ekinn 27 þús. km, dísil, 128 hö., sjálfskiptur, eyðsla 4,5 l/100 km.*
**Verð: 4.090.000 kr.**
6 ár eftir af ábyrgð
Greiðsla á mánuði
**39.900 kr.****
M.v. 50% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 12,20%.



**Kia Sorento EX Luxury 2,2**
Árg. 2012, ekinn 71 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km. *
**Verð: 5.990.000 kr.**
5 ár eftir af ábyrgð · Hlaðinn aukabúnaði



**Kia cee'd LX 1,4**
Árg. 2010, ekinn 106 þús. km, bensín, 90 hö., beinskiptur 5 gíra, eyðsla 5,8 l/100 km. *
**Verð: 1.680.000 kr.**
3 ár eftir af ábyrgð · Grænn bíll



**Kia Sportage EX 2,0**
Árg. 2012, ekinn 81 þús. km, bensín, 164 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 8,2 l/100 km. *
**Verð: 4.290.000 kr.**
5 ár eftir af ábyrgð · 4x4



**Kia cee'd EX 1,6**
Árg. 2013, ekinn 10 þús. km, dísil, 128 hö., sjálfskiptur, eyðsla 5,5 l/100 km. *
**Verð: 3.970.000 kr.**
6 ár eftir af ábyrgð

*Uppgefnar eyðslutölur framleiðanda m.v. blandaðan akstur.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-1635



**ÓÖRUGGUR** Daniel þolir ekki að horfa á sjálfan sig á hvíta tjaldinu.

# Segist vera lélegur leikari

Daniel Radcliffe, sem var orðinn heimsfrægur fyrir tólf ára aldur fyrir leik sinn sem Harry Potter, viðurkennir nú að hann sé í raun ekki góður leikari.

„Það er erfitt að horfa á myndir eins og Harry Potter og blendingsprinsinn því að ég er bara ekkert góður í henni. Ég þoli það ekki,“ sagði hann í samtali við Mail Online.

Daniel fékk vel greitt fyrir að taka að sér hlutverk galdradrengsins og eru eignir hans metnar á tæpa þrettán milljarða. -nej

# Lok, lok og læs í júlí

**BAKÞANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



Það var ekki laust við að ég bölvaði í hljóði er ég steig út fyrir allar aldir í gærmorgun. Fyrsti vinnudagur eftir frí var fram undan og jafnframt einn besti dagur sumarsins; 19 stiga hiti og heiðskírt sagði spáin. Það er eilítið annað en rigningin, súldin og 6 stiga meðalhitinn sem flestir dagarnir í júlí buðu upp á. Með tvö börn á leikskóla- og dagmömmualdri er ekki hægt að segja að fríið hafi verið leikur einn, að minnsta kosti ekki utandyra þetta árið.

**SKREFIN** voru líka extra þung eftir svona langt frí. Heilar fjórar vikur voru teknar í einum rykk sem gerði það örlítið erfiðara en ella að koma sér í gírinn þennan fyrsta mánudag eftir frí. En það var ekki ég sem ákvað að taka svona langt frí í einu eða að júlí yrði sumarleyfismánuður fjölskyldunnar. Það var ég skikkuð til að gera, eins og flestar fjölskyldur með börn á svipuðu reki. Allir leikskólar landsins og dagmömmur fara nefnilega í frí og loka á sama tíma á árinu – fyrirkomulag sem ég leyfi mér að setja spurningamerki við.

**AF** hverju geta leikskólar ekki verið með sumarstarfsmenn eins og aðrar stofnanir á landinu? Leyft barnafjölskyldum að ráða hvenær þær fara í sumarfrí? Er það of dýrt? Það er líka ósanngjarnt á vinnustöðum að þeir starfsmenn sem eiga börn eigi alltaf júlímánuðinn vísan í frí. Ég er nokkuð viss um að leikskólakennarar væru líka til í að fá að stjórna því hvaða mánuður sé best fallinn að fara í frí yfir sumartímann, að júlímánuði ólöstuðum.

**Í** Noregi, sem við getum aldeilis tekið til fyrirmyndar þegar kemur að fjölskyldustefnu, er mjög hentugt fyrirkomulag á sumarleyfi í leikskólum. Allar fjölskyldur verða að taka þrjár vikur í einu í frí en hægt er að ráða hvort það er í júní, júlí eða ágúst. Þá er ein vika eftir sem þarf að taka, svo allt í allt eru þetta fjórar vikur á ári, en fjölskyldum er frjálst að taka þessa síðustu viku hvenær ársins sem er. Já, frelsið sko.

**MÍN** ósk er að þessi heili frímánuður verði endurskoðaður í leikskólum landsins. Þangað til set ég sólgleraugun á hausinn og læt mig dreyma fyrir framan tölvuskjáinn um vetrarfrí á fjarlægum slóðum.

# Einstaklega vel heppnað leiklistarfjör fyrir vestan

**Það er óhætt að segja að Suðureyri við Súgandafjörð hafi iðað af lífi síðustu daga þar sem einleikjahátíðin Act Alone fór fram en henni lauk um helgina. Fjölmargir lögðu leið sína vestur á firði þar sem þekkt fólk á borð við Egil Ólafsson, Arnar Jónsson, dansarann Sögu Sig, leikskáldið Tyrfing Tyrfingsson og Villa vísindamann sá til þess að ungir sem aldnir skemmtu sér hið besta á Vestfjörðum.**



**GAMANMÁL** Eiríkur Örn Norðdahl las með tilþrifum upp úr sínum verkum og annarra.



**SLÓ Í GEGN** Arnar Jónsson sló í gegn í einleiknum Sveinsstykki eftir Þorvald Þorsteinsson, í leikstjórn eiginkonu sinnar, Þórhildar Þorleifsdóttur. MYNDIR/ÁGÚST ATLASON



**GRANDE** Hjörtur Jóhann Jónsson lék í verkinu Grande eftir Tyrfing Tyrfingsson.



**GJÖRNINGUR** Gjörningalistakonan Anna Richardsdóttir sýndi verkið Þrifagjörning.



**LOKAATRIÐI** Hátíðinni lauk á sunnudaginn með tónleikum Bjarna Ara.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




MONTY PYTHON LIVE (mostly) 7 - 12 ÁGÚST: 20.00
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

LAUGARÁS BÍÓ
LUCY — POWERSÝNING KL. 10.00 — 16
HERCULES — 12
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LUCY | 6, 8, 10(P) | 16 |
| NIKULÁS LITLI | 3:50 | L |
| HERCULES | 8, 10:10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D | 5 | L |
| 22 JUMP STREET | 5 | 12 |
| THE PURGE: ANARCHY | 10:10 | 16 |

SAMbio.is
MYNDIN SEM ALLIR HAFA BEÐIÐ EFTIR
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
GUARDIANS OF THE GALAXY
„BESTA MYND MARVEL TIL ÞESSA“

CLINT EASTWOOD
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
JERSEY BOYS

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
LUCY
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 3 - 5:30 - 8 - 10:40 2D: 3:30 - 10:40 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY VIP 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | |
| LUCY | KL. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| HERCULES | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| CHEF | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| TAMMY | KL. 8 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 7 |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 | 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 7 - 9:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 5:15 - 8 - 10:20 | 12 |
| HERCULES | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 5 - 7:30 - 10 2D: 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 10:10 | 12 |
| LUCY | KL. 8 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANNS INN 2 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 8 | 12 |
| HERCULES | KL. 10:45 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRA BÍÓ — HÁSKÓLA BÍÓ
LUCY — 16 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
GUARDIANS OF THE GALAXY — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| LUCY | KL. 3.10 - 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| LUCY LÚXUS | KL 10.40 | 16 |
| GUARDIAN... GALAXY 3D | KL 3.10 - 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| GUARDIAN... GALAXY 3D LÚXUS | KL 5 - 8 | 12 |
| SEX TAPE | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN ... PLANET OF THE APES 3D | KL 8 - 10.45 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| LUCY | KL 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NIKULÁS Í FRÍI | KL 5.45 - 8 | L |
| SEX TAPE | KL 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN ... PLANET OF THE APES 3D | KL 10.15 | 14 |
| 22 JUMP STREET | KL 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

speedo PUMA

HÆTTIR - VERSLUNIN HÆTTIR - VERSLUNIN HÆTTIR - VE

# LOKA
# DAGUR
# LOKA
# ÚTSÖLUNNAR

RSLUNIN HÆTTIR - VERSLUNIN HÆTTIR - VERSLUNIN HÆ

# 50% AUKA AFSLÁTTUR
# AF ÖLLUM VÖRUM

Speedo fylgihlutir eru ekki á útsölu

Opið til
kl. 21
í kvöld

**Kíktu við í síðasta sinn og gerðu frábær kaup**

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

**Útsöluopnun:**
Virka daga kl. 11-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






**ENSKA ÚRVALS-DEILDIN**
HEFST EFTIR
**4 DAGA**

**visir.is**
Finna má meira um Ensku úrvalsdeildina á Vísi

## Stjörnuleikmaðurinn



**ROMELU LUKAKU** Skoraði 15 mörk í 31 deildarleik þegar hann lék sem lánsmaður með Everton á síðustu leiktíð. Í kjölfarið keypti Everton framherjann á 28 milljónir punda frá Chelsea, en þetta er langhæsta upphæð sem félagið hefur greitt fyrir leikmann. Lukaku, sem lék með Belgíu á HM, er stór og sterkur, en býr þrátt fyrir það yfir miklum hraða og góðri tækni. Hann þarf að eiga gott tímabil eigi draumur Everton um Meistaradeildarsæti

## Tvö lið sem dreymir um Meistaradeildarsæti

Fréttablaðið hefur að undanförnu birt spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og nú er komið að liðum sem láta sig dreyma um Meistaradeildarsæti.

Það er nýr maður í brúnni hjá Tottenham; Mauricio Pochettino, sem náði góðum árangri með Southampton í fyrra. Hans verkefni verður að koma Spurs í Meistaradeildina, en til að það takist þurfa leikmennirnir sem Andre Villas-Boas keypti, Soldado, Lamela og Paulinho að spila mun betur en í fyrra. Everton endaði í 5. sæti í fyrra og þótti spila betri fótbolta undir stjórn Roberto Martínez en það gerði hjá David Moyes. Liðið tryggði sér þjónustu Gareths Barry og Lukaku, auk þess sem Seamus Coleman og Ross Barkley framlengdu saminga sína við félagið. Það er góð ára yfir Everton sem hefur alla burði til að komast í Meistaradeildina.

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

| | |
|---|---|
| **Englandsmeistari** | ??? |
| 2. ??? | 3. ??? |
| 4. ??? | 5. Á morgun |
| 6. Everton | 7. Tottenham |
| 8. Stoke | 9. Swansea |
| 10. Newcastle | 11. Southampton |
| 12. Aston Villa | 13. C. Palace |
| 14. Sunderland | 15. West Ham |
| 16. Hull | 17. QPR |
| **Þessi lið falla** | |
| 18. WBA | 19. Leicester |
| 20. Burnley | |

## NÝJU ANDLITIN



**BEN DAVIES**
Fór frá Swansea
➜ Gekk til liðs við Tottenham

**MUHAMED BEŠIĆ**
Fór frá Ferencváros
➜ Gekk til liðs við Everton

**GARETH BARRY**
Fór frá Manchester City
➜ Gekk til liðs við Everton

**KR 2-0 Keflavík**
**KR-völlur**
Áhorf: 1633
**Valdimar Pálsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Almarr Ormarsson (58.), 2-0 Almarr Ormarson (62.).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 5 (45., Sindri Snær Jensson 5) - Haukur Heiðar Hauksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 7, Gunnar Þór Gunnarsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 - Egill Jónsson 5 (73., Jónas Guðni Sævarsson -), Baldur Sigurðsson 6, ***Almarr Ormarsson 8** - Atli Sigurjónsson 7, Óskar Örn Hauksson 7, Emil Atlason 5 (67., Gonzalo Balbi 5).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Árni Freyr Ásgeirsson 4 - Endre Ove Brenne 5 (17., Endre Ove Brenne 5), Aron Rúnarsson Heiðdal 5, Einar Orri Einarsson 4, Magnús Þórir Matthíasson 6 - Sindri Snær Magnússon 6, Jóhann Birnir Guðmundsson 5 (83., Ray Anthony Jónsson -) 5, Magnús Sverrir Þorsteinsson 5 - Elías Már Ómarsson 6, Hörður Sveinsson 4 (67., Sigurbergur Elísson 5), Theodór Guðni Halldórsson 5.

**Skot (á mark):** 13-4 (8-2) **Horn**: 5-6

**Varin skot:** Stefán Logi 1, Sindri 1 - Árni Freyr 4

**Fram 1-0 Valur**
**Laugardalsvö.**
Áhorf: Óuppg.
**Þorvaldur Árnason (5)**

**Mark:** 1-0 Ingiberg Ólafur Jónsson (63.).

**FRAM (4-3-3):** Denis Cardaclija 6 - Halldór Arnarsson 6, Ingiberg Ólafur Jónsson 7, Einar Bjarni Ómarsson 6, Daði Guðmundsson 5 - Orri Gunnarsson 6, ***Jóhannes Karl Guðjónsson 7**, Haukur Baldvinsson 4 - Viktor Bjarki Arnarsson 6 (81., Arnþór Ari Atlason -), Aron Bjarnason 5(94., Aron Þórður Albertsson -), Guðmundur Steinn Hafsteinsson 6 (76., Alexander Már Þorláksson -).

**VALUR (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 3, Billy Brentsson 4, Magnús Már Lúðvíksson 5, Mads Nielsen 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 5 - Iain Williamsson 5, Tonny Mawejje 5, Kristinn Freyr Sigurðsson 4 (60., Haukur Páll Sigurðsson 4) - Kristinn Ingi Halldórsson 4 (76., Kolbeinn Kárason -), Sigurður Egill Lárusson 5 (85., Haukur Ásberg Hilmarsson -), Patrick Pedersen 5.

**Skot (á mark):** 14-12 (8-2) **Horn**: 5-6

**Varin skot:** Denis 2 - Fjalar 6

**FRAM** vann sinn fyrsta deildarleik á Laugardalsvellinum síðan 11. ágúst 2013 eða fyrir nákvæmlega einu ári síðan.

**DENIS CARDAKLIJA** hefur haldið markið sínu hreinu í fyrstu tveimur leikjum sínum í Pepsi-deild karla.

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Tveir fyrir einn, takk

Haukur Helgi Pálsson og Martin Hermannsson sáu til þess að Ísland saknaði ekki Jóns Arnórs Stefánssonar í sigrinum mikilvæga á Bretlandi í fyrrakvöld.

**KÖRFUBOLTI** Enginn Jón Arnór Stefánsson – ekkert mál fyrir íslenska körfuboltalandsliðið. Íslenska karlalandsliðið vann í fyrrakvöld einn sinn stærsta sigur frá upphafi þegar liðið mætti Bretlandi og kom sér í fín mál í baráttunni um laust sæti á Evrópumótinu á næsta ári. Tveir ungir leikmenn stigu fram á stóra sviðið í fjarveru besta leikmanns liðsins og sýndu mögnuð tilþrif.

Í stöðunni 36-43 fyrir Breta var útlitið ekki bjart og morgunljóst að eitthvað varð að gerast hjá íslenska liðinu. Bretar voru búnir að skora 9 af fyrstu 11 stigum seinni hálfleiksins og komnir með sjö stiga forystu. Þetta var tímapunktur í mikilvægum leik þar sem ungir drengir gátu orðið að mönnum og Ísland átti tvo slíka.

### Kom óttalaus inn í leikinn

Íslenska liðið vann síðustu sextán og hálfa mínútu leiksins með 20 stiga mun og hinn 22 ára gamli Haukur Helgi Pálsson og hinn 19 ára gamli Martin Hermannsson fóru fyrir frábærum lokaspretti.

„Við fengum „auka-búst“ frá Martin því hann kom svo óttalaust inn í leikinn í seinni hálfleiknum,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði íslenska liðsins. Saman voru þeir Martin og Haukur Helgi með 32 stig á þessum kafla eða fimm fleiri stig en allt breska liðið til samans. Þeir hittu úr 13 af 15 skotum sínum og töpuðu ekki bolta.

„Eigum við ekki að segja að það hafi verið tveir fyrir einn tilboð,“ sagði Martin Hermannsson kíminn eftir leik. „Martin stóð sig mjög vel í kvöld og ég er bara enn að átta mig á því hversu góður hann er,“ sagði Haukur. Hann var með hæsta framlag allra í Evrópukeppninni þennan dag og Ísland vann þær mínútur sem hann spilaði með 23 stigum. Það var vitað að það myndi enginn einn feta í fótspor Jóns en með svona tvíeyki í svona ham eru liðinu margir vegir færir.

### Lítill Jón Arnór númer níu

Haukur Helgi hefur verið í stóru hlutverki með íslenska landsliðinu síðustu tvö ár en Martin kiknaði við að klæðast treyju Jóns Arnórs.

„Þjálfarnir sögðu að ég þyrfti að stíga upp fyrst Jón var ekki með. Mér fannst við gera það ágætlega við báðir tveir,“ sagði Haukur, sem byrjaði leikinn rosalega vel. Martin byrjaði á bekknum og var rólegur framan af en sýndi svo mögnuð tilþrif á lokakaflanum. „Það var smá fiðringur til að byrja með en þegar leið á leikinn komst ég betur inn í þetta, leið betur og lét leikinn koma til mín,“ sagði Martin.

Íslenska liðið er einu stóru skrefi nær úrslitakeppni EM eftir sigurinn en fram undan eru erfiðir útileikir við Bosníu og Bretland.

### Margir yrðu hissa

„Það er gaman að eiga möguleika á því að komast á Eurobasket. Það verður saga til næsta bæjar og margir yrðu örugglega hissa á að sjá okkur þar,“ sagði Hlynur Bæringsson en bætti svo við: „Það er samt langt í frá að við séum komnir þangað.“

**ooj@frettabladid.is**

## Ungu strákarnir tóku yfir í lok leiksins

**Tveir af yngstu leikmönnum íslenska körfuboltalandsliðsins fóru liðinu á fyrir frábærum lokaspretti á móti Bretum þar sem íslenska liðið vann síðustu 16 mínúturnar 47-27 og tryggði sér sigur.**

**STIGAHÆSTIR SÍÐUSTU SEXTÁN OG HÁLFA MÍNÚTU LEIKSINS**




**MARTIN HERMANNSSON**
Hitti úr **8 af 9** síðustu skotum sínum.




**HAUKUR HELGI PÁLSSON**
Hitti úr **5 af 6** síðustu skotum sínum.

➜ Allt breska liðið skoraði **27 stig** á sama tíma

**Fjölnir 1-1 Breiðablik**
**Fjölnisvöllur**
Áhorf: 968
**Þóroddur Hjaltalín (5)**

**Mörkin:** 0-1 Árni Vilhjálmsson (52.), 1-1 Mark Charles Magee (76.).

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 7 - Gunnar Valur Gunnarsson 5 (78., Atli Már Þorbergsson 6, Bergsveinn Ólafsson 6, Matthew Ratajczak 6 - Gunnar Már Guðmundsson 5, Illugi Þór Gunnarsson 6, Guðmundur Karl Guðmundsson 4 (61. Mark Charles Magee 6) - Ragnar Leósson 6, Aron Sigurðarson 6, Þórir Guðjónsson 6 (89., Viðar Ari Jónsson -).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Damir Muminovic 5, Elfar Freyr Helgason 6 (68. Olgeir Sigurgeirsson 5), ***Finnur Orri Margeirsson 7**, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 - Baldvin Sturluson 5, Stefán Gíslason 5 (89. Elvar Páll Sigurðsson -), Guðjón Pétur Lýðsson 5 - Höskuldur Gunnlaugsson 6, Árni Vilhjálmsson 6 (75. Ellert Hreinsson -), Elfar Árni Aðalsteinsson 6.

**Skot (á mark):** 13-7 (5-4) **Horn**: 5-5

**Varin skot:** Þórður 3 - Gunnleifur 4

**Stjarnan 2-1 Þór**
**Stjörnuvöllur**
Áhorf: 1020
**Vilhjálmur Alvar (4)**

**Mörkin:** 1-0 Arnar Már Björgvinsson (37.), 1-1 Shawn Nicklaw (47.), 2-1 Pablo Punyed (93.).

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 6, Martin Rauschenberg 6, Daníel Laxdal 6, Hörður Árnason 6 - Þorri Geir Rúnarsson 6, Atli Jóhannsson 5, ***Pablo Punyed 7** - Arnar Már Björgvinsson 5, Ólafur Karl Finsen 4 (60., Garðar Jóhannsson 5), Rolf Toft 4 (60., Veigar Páll Gunnarsson 6). x.

**ÞÓR AK. (4-3-3):** Sandor Matus 6 - Sveinn Elías Jónsson 4, Orri Freyr Hjaltalín 4, Atli Jens Albertsson 5, Ingi Freyr Hilmarsson 4 - Shawn Nicklaw 6, Hlynur Atli Magnússon 3, Ármann Pétur Ævarsson 6 - Jónas Björgvin Sigurbergsson 4 (67., Þórður Birgisson 5), Sigurður Marinó Kristjánsson 3 (84., Kristinn Þór Björnsson -), Jóhann Helgi Hannesson 5.

**Skot (á mark):** 13-12 (7-6) **Horn**: 4-3

**Varin skot:** Ingvar 5 - Sandor 4

## PEPSI-DEILDIN 2014

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 14 | 9 | 5 | 0 | 25-9 | 32 |
| Stjarnan | 14 | 9 | 5 | 0 | 26-15 | 32 |
| KR | 14 | 8 | 2 | 4 | 22-15 | 26 |
| Víkingur R. | 14 | 8 | 2 | 4 | 19-15 | 26 |
| Valur | 15 | 6 | 3 | 6 | 23-24 | 21 |
| Keflavík | 15 | 4 | 6 | 5 | 22-22 | 18 |
| Fjölnir | 15 | 3 | 6 | 6 | 25-27 | 15 |
| Breiðablik | 15 | 2 | 9 | 4 | 21-25 | 15 |
| Fylkir | 15 | 4 | 3 | 8 | 20-28 | 15 |
| Fram | 15 | 4 | 3 | 8 | 18-27 | 15 |
| ÍBV | 15 | 3 | 5 | 7 | 20-25 | 14 |
| Þór | 15 | 2 | 3 | 10 | 20-29 | 9 |


Lærðu af reynslunni



MacBook Air
11" verð frá **159.990.-**
13" verð frá **179.990.-**

EPLI



**ÓSTÖÐVANDI** Rory McIlroy sigraði á PGA-meistaramótinu um helgina. MYND/GETTY

# Ótrúlegt gengi Rorys McIlroy heldur áfram

## McIlroy hefur verið óstöðvandi undanfarnar vikur

**GOLF** Ef einhverjar efasemdir voru uppi um hvort Rory McIlroy væri meðal bestu kylfinga heims í dag þá gerði norður-írski kylfingurinn endanlega út um allar slíkar hugmyndir um helgina þegar hann sigraði á PGA-meistaramótinu. Hefur hann unnið þrjú mót á undanförnum 22 dögum eftir að hafa sigrað á Opna breska meistaramótinu fyrr í sumar. Varð hann fyrsti kylfingurinn í sex ár til þess að vinna tvö stórmót í röð, allt frá því að írski kylfingurinn Pádraig Harrington vann PGA-meistaramótið og Opna breska árið 2008.

Rory hefur tekið gríðarlegum framförum í andlegum hliðum golfsins undanfarnar vikur en honum hafði gengið illa að fylgja eftir góðum golfhringjum á árinu. Fyrir aðeins einum mánuði, viku áður en hann vann á Opna breska, varð fjórtán högga sveifla á leik Rorys á milli fimmtudags og föstudags á Opna skoska meistaramótinu.

Lokadagur mótsins var gríðarlega spennandi en þrír kylfingar, Phil Mickelson, Rickie Fowler og Henrik Stenson, börðust við Rory um toppsætið á mótinu allt til loka. Rory virtist ætla að heltast úr lestinni þegar hann hafði leikið fyrstu sex holur dagsins á tveimur yfir pari á meðan keppinautar hans náðu að safna fuglum. Með glæsilegu innáhöggi á tíundu nældi hann hins vegar í mikilvægan örn og var byrinn skyndilega með honum. Smátt og smátt náði hann að saxa á mótherja sína og á endanum ná forskotinu þegar tvær holur voru eftir sem hann hélt það sem eftir lifði móts.

### Nýr konungur golfsins

Eftir að Tiger Woods hafði öll tögl og hagldir í golfheiminum í rúmlega tíu ár virðist Rory McIlroy vera að taka sæti hans sem konungur golfheimsins.

Allt annað hefur verið að sjá til Tigers undanfarin ár og eru komin sex ár frá því að hann sigraði síðast á einu af stórmótunum fjórum. Tiger komst ekki í gegnum niðurskurðinn á mótinu um helgina og náði hann sér aldrei á strik. Kvartaði Tiger undan bakmeiðslum eftir að hann kom í hús á sex höggum yfir pari eftir tvo keppnisdaga.

Á sama tíma og frægðarstjarna Tigers hefur dvínað hefur Rory stigið fram í sviðsljósið og unnið fjögur stórmót. Má búast við því að fleiri sigrar komi hjá norður-írska kylfingnum á næstu árum en Rory er aðeins 25 ára að aldri.

**- kpt**

# Ásdís er á áttunda stórmótinu í röð

## Ásdís og Hafdís Sigurðardóttir keppa á EM í dag.

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir keppir fyrst íslensku keppendanna á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum í Zürich í dag þegar hún kastar í undankeppni í spjótkasti klukkan 10.16 að íslenskum tíma.

Ásdís er að keppa á sínu áttunda stórmóti í röð en hún hefur ekki misst úr stórmót (HM, EM eða Ólympíuleika) síðan hún var ekki með á HM í Osaka í Japan árið 2007. Besta sæti náði hún á EM í Barcelona fyrir fjórum árum, en þá var hún í 10. sæti. Hún varð í 11. sæti á ÓL í London eftir að hafa sett Íslandsmet í undankeppninni.

Alls eru 22 keppendur skráðir til leiks og er Ásdís skráð með tólfta besta árangurinn á árinu en hún er í þrettánda sæti þegar besti persónulegi árangur spjótkastaranna er borinn saman.

Hafdís Sigurðardóttir keppir einnig í dag í undankeppni í langstökki kvenna, en hennar riðill byrjar klukkan 18.07 að íslenskum tíma. Þá eru 28 konur skráðar til leiks í langstökkið og er Hafdís skráð með 25. besta árangurinn á árinu sem jafnframt er Íslandsmet.

Til þess að komast í úrslitin þarf Ásdís að kasta spjótinu 57,50 metra og Hafdís að stökkva 6,65 metra í langstökkinu. Þær komast líka í úrslitin verði þær meðal þeirra tólf bestu í undankeppninni.

**- óój**



**NÍUNDA STÓRMÓTIÐ** Ásdís Hjálmsdóttir hefur gríðarlega mikla reynslu af því að keppa á stórmótum. MYND/AFP

### ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR Á STÓRMÓTUM Á FERLINUM:

| | |
|---|---|
| HM í Moskvu 2013 | 21. sæti (57,65 m) |
| ÓL í London 2012 | 11. sæti (59,08 m) |
| –setti Íslandsmet í undankeppninni | (62,77 m) |
| EM í Helsinki 2012 | 13. sæti (55,29 m) |
| HM í Daegu 2011 | 13. sæti (59,15 m) |
| EM í Barcelona 2010 | 10. sæti (54,32 m) |
| HM í Berlín 2009 | 24. sæti (55,86 m) |
| ÓL í Peking 2008 | 50. sæti (48,59 m) |
| EM í Gautaborg 2006 | 25. sæti (51,33 m) |



# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.00**
## Gatan mín
Skemmtilegur þáttur þar sem Valgerður Matthíasdóttir fer í gönguferð með þekktum Íslendingum um uppáhaldsgöturnar þeirra. Áhugaverðar sögur, fróðleikur og skemmtilegt fólk.

## Í KVÖLD



### Real Madrid - Sevilla
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá leik Real Madrid og Sevilla um titilinn Meistarar meistaranna í Evrópu. Real Madrid sigraði í Meistaradeild Evrópu og Sevilla í Evrópudeildinni á sl. keppnistímabili.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 21.15** Fjórða röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.




### EM í frjálsum íþróttum
**SJÓNVARPIÐ KL. 18.10** Bein útsending frá undanúrslitum í 100 metra grindahlaupi kvenna á EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich.

**X-ið 977 kl. 8–11**
## Harmageddon
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8–11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle**
**08.25** **Extreme Makeover. Home Edition**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.10** **The Wonder Years**
**10.35** **The Middle**
**11.00** **Go On**
**11.20** **Á fullu gazi**
**11.40** **The Newsroom**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Cold Feet**
**13.50** **American Idol**
**14.40** **The Mentalist**
**15.25** **Scooby-Doo!**
**16.20** **The Michael J. Fox Show**
**16.45** **The Big Bang Theory**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Pepsímörkin 2014**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Back in the Game** *(8:13)*
**19.35** **2 Broke Girls** *(9:24)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.
**20.00** **Gatan mín** Valgerður Matthíasdóttir fer í gönguferð með þekktum Íslendingum um uppáhaldsgöturnar þeirra. Áhugaverðar sögur, fróðleikur og skemmtilegt fólk.
**20.20** **Anger Management** *(19:22)*
**20.45** **White Collar** *(10:16)*
**21.30** **Orange is the New Black** *(10:14)* Dramatísk þáttaröð á léttum nótum um unga konu sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**22.30** **Burn Notice** *(10:18)*
**23.15** **Daily Show. Global Edition**
**23.40** **The Night Shift**
**00.25** **Covert Affairs**
**01.10** **Enlightened**
**01.40** **Bones**
**02.25** **Girls**
**02.55** **Fringe**
**03.40** **Here Comes the Boom**
**05.25** **Gatan mín**
**05.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pepsímörkin 2014**
**09.30** **Stjarnan - Þór**
**14.45** **Norðurálsmótið**
**15.25** **Stjarnan - Þór**
**17.15** **Pepsímörkin 2014**
**18.30** **Real Madrid - Sevilla** Bein útsending frá leik Real Madrid og Sevilla um titilinn Meistarar meistaranna í Evrópu. Real Madrid sigraði í Meistaradeild Evrópu og Sevilla í Evrópudeildinni á sl. keppnistímabili.
**20.40** **Einvígið á Nesinu**
**21.35** **Arsenal - Mancester City**
**23.20** **Real Madrid - Sevilla**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.50** **Blackburn - Cardiff**
**15.30** **Robbie Fowler** 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
**16.00** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**16.55** **Football League Show 2014/15**
**17.30** **Liverpool - Dortmund**
**19.10** **Guinness International Champions Cup 2014**
**22.45** **Fulham - Liverpool**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**18.15** **Romantically Challenged**
**18.40** **Sullivan and Son**
**19.00** **Total Wipeout UK**
**20.00** **One Born Every Minute** *(4:12)*
**20.50** **How to Live With Your Parents for the Rest of Your Life** *(4:13)* Skemmtilegir gamanþættir um unga og nýfráskilda konu sem flyst inn til foreldra sinna en þar á hún ekki sjö dagana sæla.
**21.15** **Pretty Little Liars** *(25:25)* Fjórða röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**22.00** **Nikita** *(4:6)*
**22.40** **Terminator. The Sarah Connor Chronicles**
**00.15** **Gang Related**
**01.00** **Total Wipeout UK**
**01.45** **One Born Every Minute**
**02.35** **How To Live With Your Parents for the Rest of your Life**
**02.55** **Pretty Little Liars**
**03.40** **Nikita**
**04.20** **Terminator. The Sarah Connor Chronicles**
**05.05** **Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Ljóti andarunginn og ég **09.44** Gulla og grænjaxlarnir **09.56** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Gulla og grænjaxlarnir **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Gulla og grænjaxlarnir **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Lína Langsokkur **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.35** **Strákarnir**
**18.00** **Frasier**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**19.55** **Höfðingjar heim að sækja**
**20.10** **Hæðin** *(6:9)*
**21.00** **Breaking Bad** *(3:8)*
**21.45** **Rita** *(4:8)*
**22.30** **Lærkevej** *(10:12)*
**23.10** **Boardwalk Empire**
**00.05** **Chuck**
**00.50** **Cold Case**
**01.35** **Höfðingjar heim að sækja**
**01.50** **Hæðin**
**02.40** **Breaking Bad**
**03.25** **Rita**
**04.10** **Lærkevej**
**04.50** **Boardwalk Empire**
**05.50** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.35** **Mrs. Doubtfire**
**12.40** **Moonrise Kingdom**
**14.15** **Silver Linings Playbook**
**16.15** **Mrs. Doubtfire**
**18.20** **Moonrise Kingdom**
**19.55** **Silver Linings Playbook**
**22.00** **Total Recall**
**00.00** **Worried About the Boy**
**01.30** **Black Dynamite**
**02.55** **Total Recall**

## RÚV

**08.00** **EM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zurich.
**17.20** **Snillingarnir**
**17.43** **Kafteinn Karl**
**17.55** **Táknmálsfréttir**
**18.10** **EM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá undanúrslitum í 100 metra grindahlaupi kvenna á EM í frjálsum íþróttum sem haldið er í Zürich.
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Alheimurinn** *(3:13) (Cosmos: A Spacetime Odyssey)* Áhugaverð þáttaröð þar sem skýringa á uppruna mannsins er leitað með aðstoð vísindanna auk þess sem tilraun er gerð til að staðsetja jörðina í tíma og rúmi.
**20.25** **Hið ljúfa líf** *(5:6) (Det söde liv)* Danskir þættir um kökubakstur og eftirréttagerð. Mette Blomsterberg útbýr kræsingar.
**20.45** **Hefnd** *(5:13) (Revenge III)*
**21.30** **Golfið** *(5:7)* Í þáttunum fjallar Hlynur Sigurðsson um hinar ýmsu hliðar golfiðkunar á Íslandi. Dagskrárgerð: Hlynur Sigurðsson og Benedikt Nikulás Anes Ketilsson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **EM í frjálsum í þróttum**
**22.30** **Bak við luktar dyr** *(2:4) (What Remains)* Sakamálaþáttaröð frá BBC þar sem rannsóknarlögreglumaðurinn Len Harper rannsakar morð ungrar konu sem enginn virtist hafa saknað.
**23.20** **Berlínarsaga**
**00.10** **Djöflar Da Vincis**
**01.10** **Fréttir**
**01.20** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.50** **Design Star**
**17.35** **Dr. Phil**
**18.15** **An Idiot Abroad**
**19.00** **Kirstie**
**19.25** **Men at Work** *(5:10)* Prælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg.
**19.50** **Happy Endings** *(9:22)*
**20.10** **30 Rock** *(11:22)*
**20.30** **Catfish** *(8:12)* Í samskiptum við ókunnuga á netinu er oft gott að hafa varann á vegna þess að fæstir eru í raun þeir sem þeir segjast vera. Þáttaröðin fjallar um menn sem afhjúpa slíka notendur.
**21.15** **King & Maxwell** *(5:10)* Sean King og Michelle Maxwell eru ekki hefðbundnir einkaspæjarar. Bæði eru fyrrum leynilögreglustarfsmenn en vegna mistaka í starfi misstu þau vinnuna og höfu nýjan feril sem einkaspæjarar.
**22.00** **Nurse Jackie**
**22.30** **Californication**
**23.00** **The Tonight Show**
**23.45** **David Bowie - Five Years in the Making of an Icon**
**00.30** **Scandal**
**01.15** **Nurse Jackie**
**01.45** **Californication**
**02.15** **The Tonight Show**
**03.00** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Championship 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** PGA Tour 2014 **15.05** 2014 Players Championship Official **16.00** LPGA Tour 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Championship 2014 **21.50** Golfing World 2014 **22.40** Inside The PGA Tour 2014 **23.05** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Stóri dagurinn

Tryggðu þér miða fyrir **kl. 18** í dag!

DREGIÐ Í DAG **12.** ÁGÚST

# HUGLEIDDU FRAMTÍÐ FULLA AF MILLJÓNUM

**EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR**

A

AÐALÚTDRÁTTUR

**70 MILLJÓNIR**

**3.000** manns fá allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**.

20

*MILLJÓNAVELTAN*

**20 MILLJÓNIR**

**20 milljóna** króna vinningur á einn miða.

1

MILLJÓN Á MANN

5 x **1 MILLJÓN**

**5 heppnir** vinningshafar fá **eina milljón** króna hver.

Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**



HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 142375



**TAKK FYRIR STUÐNINGINN**

Á 80 árum hefur Happdrætti Háskóla Íslands átt stóran þátt í uppbyggingu háskóla í fremstu röð og fjármagnað yfir 20 byggingar skólans.

**Stuðningur viðskiptavina okkar gerði þetta mögulegt.**

## BESTA SUNDLAUGIN



**„Ég prófaði nýlega í náttúrulaugina í Reykjarfirði við Arnarfjörð á Vestfjarðakjálkanum. Þar eru miklir galdrar í gangi. Hún tekur við sem uppáhaldslaugin – en sundlaugin á Suðureyri hefur vermt það sæti síðan 2011.“**

Diljá Ámundadóttir, framkvæmdastýra Þetta reddast ehf. og tilvonandi nemandi í MBA við HR.

# Steinn skemmtir túristum á hjóli

Leikarinn Steinn Ármann Magnússon leiðir hópa um stræti Reykjavíkur á hjóli.

„Ég hef verið leiðsögumaður í fjögur sumur og hef mjög gaman af því,“ segir leikarinn Steinn Ármann Magnússon en hann starfar hjá The Bike Company og fer með hópa fólks í leiðsögutúra um stræti borgarinnar á reiðhjóli.

Steinn Ármann er mikill hjólreiðamaður og segir reiðhjólið vera sitt helsta samgöngutæki. Hann segist að mestu fara með erlenda ferðamenn í leiðsögutúrana og að hann sjái og finni mun á fólki á milli landa, hvað varðar reiðhjólatækni og hraða. „Hollendingar eru bestir að hjóla og Danirnir eru einnig öflugir. Portúgalarnir eru hins vegar latastir og Norðmenn kom helst á óvart,“ útskýrir Steinn Ármann og hlær. Hann fer þó einnig með innlenda hópa í ferðir. „Ég er duglegur að grínast í ferðunum en grínast þó mest þegar ég er með íslenska hópa.“

Hann hrósar íslenskum ökumönnum fyrir að vera mjög tillitssamir í umferðinni gagnvart reiðhjólafólki. „Mér finnst allt í lagi að reiðhjólafólk hjóli á götunni þegar hámarkshraðinn er 30 kílómetrar en á hraðbrautum er betra að halda sig á hliðarstígum. Annars er ég eiginlega hættur að þora að hjóla á götunni, ég er orðinn svo lífhræddur,“ bætir Steinn Ármann við, sem útskrifaðist úr leiðsöguskólanum 2010. Honum finnst þó að fólk megi ganga betur um stræti borgarinnar. - glp

> **Ég grínast þó mest þegar ég er með íslenska hópa.**



**PORTÚGALARNIR LATASTIR** Steinn Ármann segir Danina öfluga og Hollendingana besta að hjóla. Portúgalarnir séu latastir á pedölunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Dembir sér í tónlistina

Gunnar Birgisson er ungur og upprennandi tónlistarmaður og gaf út sitt fyrsta lag, Save Me, fyrir helgi.

„Ég byrjaði í raun bara að semja á fullu fyrir svona tveimur árum,“ segir ungi söngvarinn Gunnar Birgisson en hann gaf út sitt fyrsta lag, Save Me, fyrir helgi við gríðarlega góðar viðtökur.

Gunnar fékk til liðs við sig strákana í StopWaitGo til þess að framleiða lagið þar sem hann spilar á gítar og syngur.

„Við kynntumst þegar ég var í 12:00 í Verzló, þá gerðum við oft lög saman,“ segir Gunnar en 12:00 er skemmtiþáttur í Verzlunarskólanum sem Gunnari finnst hafa hjálpað sér mikið í tónlistinni. „Bæði með að kynnast strákunum í StopWaitGo og að læra að koma fram. Það eru mikil tækifæri í þessari nefnd og stór hópur sem fylgist með þáttunum, þetta er smá stökkpallur.“

Gunnar hafði samband við strákana og sagði að hann væri með helling af lögum sem hann væri til í að gefa út.

„Síðan hittumst við og ákváðum að byrja á þessu lagi,“ segir Gunnar. „Ég ætla að sjá hvernig þetta gengur og sjá hvort það sé ekki einhver grundvöllur fyrir því að gefa út fleiri lög.“

Gunnar útskrifaðist úr Verzlunarskólanum í vor en hann ætlar svo sannarlega ekki að slá slöku við í vetur heldur ætlar hann að demba sér alfarið í tónlistina.

„Þetta er svolítið tíminn núna til þess að gera þetta,“ segir tónlistarmaðurinn. baldvin@365.is

> **Þetta er svolítið tíminn núna til þess að gera þetta.**



**SÆTUR SÖNGFUGL** Gunnar byrjaði að semja á fullu fyrir tveimur árum.



**HÆFILEIKARÍK** Hluti af hópnum fyrir utan húsið þar sem töfrarnir gerast. Fjöllin í baksýn veita innblástur að sögn skipuleggjenda. MYNDIR/ARNA MARÍA

# Vinna í skelfiskilmi í Salthúsinu í Hrísey

Laumulistasamsteypan vinnur nú að sýningu í Hrísey. Skipuleggjendur vikunnar vildu skapa vettvang þar sem allt getur gerst og ekkert er fyrirfram ákveðið.

„Hér eru enn þá skelfisknet og fiskikör og allt ilmar enn þá af skelfiski,“ segir Ásgerður Birna Björnsdóttir myndlistarnemi, þar sem hún stendur inni í Salthúsinu í Hrísey og undirbýr listsýningu næstu helgi.

Ásgerður Birna skipulagði ásamt vinkonu sinni, Helenu Aðalsteinsdóttur myndlistarkonu, viku í Hrísey fyrir alla þá sem hafa áhuga á listum, bæði menntaða og ómenntaða.

„Það er áhugavert að koma hingað til Hríseyjar og vinna að myndlist vegna þess að svæðið hér er mjög afmarkað og virkar þannig á mann að maður aftengist Reykjavík og öllu áreitinu þar,“ segir Helena.

Vikuna kalla þau Laumulistasamsteypuna og er hún vettvangur fyrir listaáhugafólk til að skapa saman list.

„Við gerðum beinagrind að dagskrá en alls konar getur gerst,“ útskýrir Ásgerður Birna. „Við viljum hafa þetta opið enda eru alls konar hugmyndir í gangi. Við vildum ekki verða einhvers konar stjórnendur yfir verkefninu.“ Sýningin tekur á sig skýrari mynd eftir því sem vikunni vindur fram.

Þetta er í fyrsta sinn sem listavikan er haldin en ef vel gengur langar þær stöllur að gera hana að árlegum viðburði sem gæti stækkað ár hvert.

„Það er gott að fara á afskekktan stað mörg saman, þá skapast suðupottur af hugmyndum. Og af því að við erum öll saman í einu húsi þá gerast hlutirnir svo hratt,“ bætir Helena við. „Það er svo áhugavert að fatta að hver sem er getur búið til skapandi vettvang fyrir það sem hann langar til að gera.“

Hópurinn dvelst á Hámundarstöðum í Hrísey á meðan á vikunni stendur. Þar verður lifað náið saman næstu vikuna, dagurinn settur saman á morgnana, borðaður morgunmatur og kvöldmatinn elda þau saman. Á hverjum degi á slaginu þrjú verður sameiginlegur húslestur eða sýning af einhverju tagi frá einhverjum í hópnum. Þess á milli vinna þau að sýningunni sem sett verður upp í Salthúsinu um næstu helgi.

„Öllum er mjög velkomið að taka þátt og kíkja á hvað við erum að gera.“ nanna@frettabladid.is



**VEÐURBLÍÐA** Listakonunar Helena og Ásgerður Birna skipulögðu vikuna og leikur veðrið við þátttakendur.




# 55" SJÓNVARPS TILBOÐ

THOMSON
LED ULTRA HD

**299.990**
VERÐ ÁÐUR 499.990

**Thomson 55UW9786**
55" LED Ultra HD sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160p upplausn. Smart TV. Wifi. Active 3D. 2D í 3D. Pure Image Ultra. Mega Contrast. 200 Hz Clear Motion Index. Stafrænn DVB-C, DVB-T/2 móttakari. DLNA. Skype. 2x USB, 3x HDMI, AVI, Component, Optical, heyrnatólstengi, Coaxial út, VGA og CI+ rauf. Hótelstilling. 2 x Active gleraugu fylgja.

32" FINLUX **59.990** VERÐ ÁÐUR 69.990

**Finlux 32FLZ189B**
32" LED sjónvarp með 1366x768p og Progressive Scan. Stafrænn DVB-T+C móttakari. Gervihnattamóttakari. USB, 2x HDMI, Scart, Ci, S-video, S/PDIF, PC, CVBS og heyrnartólstengi. Hótelstilling.

32" Panasonic **69.990** VERÐ ÁÐUR 89.990

**Panasonic TX32AW304**
32" VIERA LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og 100 Hz Back Light Blinking. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, DVB-S,DVB-S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. USB, 2x HDMI, CI rauf, RCA tengi, heyrnartólstengi og Coax út o.fl. Hótelstilling.

32" LG **74.990** VERÐ ÁÐUR 74.990

**LG 32LN570U**
32" HD LED Smart sjónvarp. Triple XD Engine. Picture Wizard II. 100Hz Motion Clarity Index. Real Cinema 24p. Stafrænn móttakari DVB-T/C. CI kortarauf. 3 x HDMI, Scart, 3 x USB o.fl.

40" THOMSON **89.990** VERÐ ÁÐUR 109.990

**Thomson 40FW3324**
40" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080p upplausn. 100Hz. Pure Image 3 engine. Háskerpu HDTV DVB-T2/C stafrænn móttakari. HDMI, VGA, Digital Coax, CI+, VGA, hljóð og heyrnartólstengi. USB upptaka. Hótelstilling.

39" Panasonic **119.990** VERÐ ÁÐUR 139.990

**Panasonic TX39AW304**
39" VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 100 Hz Back Light Blinking. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, DVB-S,DVB-S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. Media spilari. USB, 2x HDMI, Scart, Component, CI rauf, composite, RCA tengi, Heyrnatólstengi og Coax út. Orkuflokkur A+.

42" Panasonic **129.990** VERÐ ÁÐUR 159.990

**Panasonic TX42AS500Y**
42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilari. Scart, 2x HDMI, Component, CI rauf, Composite, RCA, DNLA, Optical út og heyrnartólstengi. Apple/Android síma og spjaldtölvu App.

42" LG **154.990** VERÐ ÁÐUR 169.990

**LG 42LB620V**
42" Full HD 3D sjónvarp með Full HD 1920x1080p upplausn og IPS skjá. Triple XD Engine. 100Hz MCI. Intelligent Sensor. Cinema 3D. 2D to 3D. Stafrænn DVB-T2/C móttakari. Gervihnattamót-takari. Time Machine upptaka. USB, 2x HDMI, optical út o.fl.

50" Panasonic **159.990** VERÐ ÁÐUR 189.990

**Panasonic TX50AS500Y**
50" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 2x HDMI, CI rauf, RCA, DNLA, Optical út o.fl. Apple/Android síma og spjaldtölvu App.

47" LG **164.990** VERÐ ÁÐUR 179.990

**LG 47LB561V**
47" Full HD sjónvarp með Full HD 1920x1080p upplausn og Triple XD Engine. Picture Wizard II Stafrænn DVB-T2/C móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x10w Sourround með Clear Voice. USB, 2x HDMI, Scart, Component, composite, optical út o.fl.

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

**LG OLED SJÓNVÖRP**
**SELJUM SÍÐUSTU EINTÖKIN MEÐ 50% AFSLÆTTI**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mikil gleði á Dalvík

Mikið var um að vera á Dalvík um helgina þegar Fiskidagurinn mikli fór þar fram. Við mörg íbúðarhús fóru fram garðveislur og var fólk boðið velkomið í hin ýmsu teiti.

Á pallinum á Sunnuhvoli fór fram sérlega skemmtilegur gleðskapur og var þar mikil tónlistarveisla. Þar mátti sjá tónlistarsnillinginn Þóri Baldursson leika á Hammond ásamt flottri hljómsveit.

Mikið var af glæsifólki sem tók lagið með sveitinni og má þar nefna söngkonuna **Sölku Sól Eyfeld** og föður hennar, Hjálmar Hjálmarsson leikara. Þá tók María Baldursdóttir, systir Þóris, lagið og einnig Júlíus Guðmundsson, sonur hennar. Soffía Björg og Örn Eldjárn úr Brother Grass litu við og gripu einnig í hljóðfæri.



Margt var um manninn á pallinum en góður gleðskapur fór þar fram á föstudags- og laugardagskvöld. **- glp**

### Ráðherrar á pæjumóti

Mikil gleði var á Siglufirði síðastliðna helgi þegar stúlkur í 6.-8. flokki í fótbolta tóku þátt í Pæjumóti Sparisjóðsins og Rauðku. Fjöldi foreldra fylgdi stúlkunum og þar á meðal var **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra mættur á hliðarlínu Stjörnunnar til að hvetja dóttur sína áfram. Einnig sást til **Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar** forsætisráðherra í bænum. Ekki er vitað í hvaða erindagjörðum ráðherrann var, ef til vill að styðja unga fótboltastúlku í fjölskyldunni eða bara njóta stemningarinnar, enda tróðu skemmtikraftar eins og Unnur Eggerts, Einar Mikael og leikarar úr leikhópnum Lottu upp. **- ebg**



## Mest lesið VÍSIR

1 Íslendingur eignaðist eineggja þríbura í fyrrinótt
2 Legg áherslu á að halda voninni og trúa á bata
3 Spyr hvort forstöðumenn geti ekki fundið sér annað starf
4 Lögreglan í Reykjavík leitaði barns
5 Umferðartafir í Reykjavík: Malbikað í sólinni







